

74,1

STIG Í ÍSLENSKU  
ÁNÆGJUVOGINNI

4,3

MILLJÓN VIÐSKIPTAVINA

80

PRÓSENT ÁRANGUR  
AF HULDUHEIMSÓKNUM

48

VÍNBUÐIR UM ALLT LAND

ÁRSSKÝRSLA  
ÁTVR 2013

1,2

MILLJARÐA KRÓNA ARÐUR  
Í RÍKISSJÓÐ

89

PRÓSENT ENDURVINNSLU-  
HLÚTFALL

54

PRÓSENT AUKNING Í SÖLU  
MARGNOTA POKA

44

PRÓSENT STARFSMANNA MEÐ  
SAMGÖNGUSAMNING

---

**ÁTVR**  
**ÁRSSKÝRSLA 2013**

# EFNISYFIRLIT

## 5-19

Formáli forstjóra: 5 • Skýrsla í samræmi við GRI: 10 • Heildarstefna: 11 • Skipulag og stjórnun: 13 • Hagsmunaaðilar: 17 • Markmið og árangur: 18 • Sjálfbærnistjórnun: 18 • Lykilmarkmið 2012–2014: 19

## 20

VIÐSKIPTAVINIR

Ánægja viðskiptavina • Vörval • Fræðsla • Vefurinn • Plastpokar – Margnota pokar • Vinbúðir ársins

## 28

MANNAUÐUR

Starfsánægja • Jafnlaunaúttekt • Lífandi og skemmtilegur vinnustaður - heilbrigður lífsstíll • Slysaskráning og fjarvistir vegna veikinda • Ársverk • Námskeið og starfsþróun

## 36

SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Global Compact • Þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð • Stuðningur við fyrirkomulagið • Skilríkjaeftirlit • Herferðir • Umhverfið • Norrænt samstarf á sviði samfélagslegrar ábyrgðar

## 40

EIGANDINN

Rekstur • Hagnaður og sölutölur • Hagkvæmur rekstur • Endurskipulagning á tobaksdreifingu • Framkvæmdir • Sjálfbær orkunotkun / endurnýtanleg orka

## 46

BIRGJAR

Stefna og framkvæmd ÁTVR gagnvart birgjum • Stofnsamningar við áfengsbirgja • Viðhorf birgja • Upplýsingar til birgja • Gæðaeftirlit vöru • Dreifing • Önnur innkaup

## 48

ÁRSREIKNINGUR

Ársreikningur • Skýringar • Sundurliðanir

## 76

EFNISYFIRLIT GRI

## 82

VIÐAUKI

## FRÁ FORSTJÓRA



Rekstur ÁTVR gekk vel á árinu. Afkoman var samkvæmt áætlun þó vörusala væri heldur minni en áætlanir gerðu ráð fyrir. Ágætlega gengur að vinna eftir nýjum lögum um starfsemina en lögin ásamt nýrri reglugerð voru sett haustið 2011.

Aðhaldssamt sölukerfi með fáum verslunum og takmörkuðum opnunartíma er sjaldan vinsælt. Mikið mæðir á starfsfólki sem þarf að mæta viðskiptavinum sem eðli máls samkvæmt eru óánægðir með kerfið.

Á undanförunum árum hefur ÁTVR tekist ágætlega að gera viðskiptavinum sína ánægða og hefur jafnan verið eitt af efstu fyrirtækjunum í Íslensku ánægjuvuginni. Það er ágætur árangur sérstaklega þegar miðað er við að ÁTVR hefur einkaleyfi á smásölu áfengis og þarf ekki að keppa við neinn um vinsældir. Það var því sérstaklega ánægjulegt að ÁTVR varð á árinu hæst allra fyrirtækja í Íslensku ánægjuvuginni og skoraði 74,1 stig. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar að gömul ríkisstofnun

væri með ánægðustu viðskiptavinina af öllum þeim fyrirtækjum sem mæld eru.

Ein helsta áskorunin í rekstri ÁTVR er einmitt að tryggja framúrskarandi þjónustu við viðskiptavinum.

Á árinu hlaut ÁTVR gullmerki í jafnlaunaúttekt PWC. Úttektin greinir kynbundinn launamun innan fyrirtækja og metur hvort fyrirtæki greiði báðum kynjum sömu laun fyrir sambærileg störf. Fyrirtækið fékk engar athugasemdir við úttektina og þurfti ekki að gera neinar sérstakar úrbætur eða breytingar til þess að hljóta gullmerkið. Jafnlaunaúttektin greinir upplýsingar um raunverulegan launamun kynjanna þegar tekið hefur verið tillit til þeirra þátta sem mest hafa áhrif á laun s.s. menntun, aldur, starfsaldur, starfaflokk og vinnustundir. Niðurstaðan var einkar ánægjuleg fyrir starfsfólkið.

Samfélagsleg ábyrgð skiptir ÁTVR miklu máli. Á næstu árum verður unnið að stefnumótun og aðgerðaáætlun með það að markmiði að auka sjálfbærni. Sérstök áhersla verður lögð á

ÁTVR VARÐ Á ÁRINU HÆST ALLRA FYRIRTÆKJA Í ÍSLENSKU ÁNÆGJUVOGINNI OG SKORAÐI 74,1 STIG

STARFSFÓLK ÁTVR  
ER HVATT TIL ÞESS AÐ  
NÝTA SÉR VISTVÆNA  
SAMGÖNGUMÁTA OG  
HEFUR SÚ STEFNA  
SKILAÐ SÉR Í BÆTTU  
HEILSUFARI OG FÆRRI  
VEIKINDADÖGUM

að halda rýrnun í lágmarki og fara vel með almannafé og umhverfi. ÁTVR mun vinna áfram að því að innleiða „Global Compact“ sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samstarfið við systurfyrirtækin, Alko í Finnlandi, Vinmonopolet í Noregi og Systembolaget í Svíþjóð, um aukna samfélagslega ábyrgð í aðfangakeðjunni gengur ágætlega og verður haldið áfram. Mikilvægt er að halda áfram að byggja upp samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins á öllum sviðum þannig að áhrif rekstursins á samfélagið og umhverfið verði eins góð og kostur er.

Starfsfólk ÁTVR er hvatt til þess að nýta sér vistvænan samgöngumáta og hefur sú stefna skilað sér í bættu heilsufari og færri veikindadögum.

**ER ÁFENGI VENJULEG SÖLUVARA?**

Þeir sem vilja frjálsræði í áfengissölu segja að ekkert flóknara eða erfiðara sé að selja áfengi umfram aðrar söluvörur. Enginn munur sé á að selja t.d. mjólk eða ávaxtasafa annars vegar og áfengi hins vegar. Hvað er svona merkilegt við áfengissölu? Er áfengi ekki bara eins og hver önnur söluvara? Það er eðlilegt að menn spyrji sig þessara spurninga. Ef litið er á áfengi eins og hverja aðra söluvöru þá eiga lögmál markaðarins við og ríkiseinkasölur þar með óþarf. Hvað er þá málið? Af hverju látum við ekki áfengissölu í hendur einkaaðilum og lofum samkeppninni að ráða.

Lítum nú nánar á þetta. Sjá má að áfengi er ólíkt ávaxtasafa. Ávaxtasafi býr ekki til fíkla með sama hætti og áfengi. Ávaxtasafi veldur ekki lífshættulegum sjúkdómum. Samfélagið ber ekki mikinn kostnað af ofdrykkju ávaxtasafa. Samfélagið ber hins vegar kostnaðinn af alkóhólisma, áfengistengdum sjúkdómum, áfengistengdum glæpum og ölvunarakstri. Sú staðreynd að áfengi er ávanabindandi og ógnar lífi þeirra sem misnota það og annarra sem

misnotkunin bitnar á veldur miklum kostnaði fyrir samfélagið. Skattborgarar greiða þann kostnað eins og annan sem felst í að búa í síðuðu samfélagi.

Þess vegna er áfengi ekki venjuleg söluvara og á ekki að meðhöndlast sem slík. Eðlilegt er að setja stífar reglur um sölu og mikilvægt að halda samfélagskostnaðinum eins lágum og kostur er. Ríkisrekin áfengisverslun sem hefur samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi selur minna áfengi en almennar verslanir sem keppa um hylli viðskiptavina. Minni sala, minni skaðsemi, minni kostnaður fyrir samfélagið. Til þess er leikurinn gerður. Í nýlegri aðgerðaáætlun WHO fyrir Evrópu er lögð á það mikil áhersla að þar sem ríkisreknar einkasölur á áfengi eru við lýði eigi skilyrðislaust að halda í þær.

Íbúar Norður-Ameríku vita vel að áfengi er ekki venjuleg söluvara. Áfengi er t.d. eina varan sem getið hefur verið í stjórnarskrá Bandaríkjanna og það meira að segja tvisvar. Í fyrra skiptið þegar allsherjarbann var lagt við sölu áfengis í öllum Bandaríkjunum og í seinna skiptið þegar banninu var aflétt. Ekki hefur verið minnst á ávaxtasafa í stjórnarskrá Bandaríkjanna. Enda er það svo að í mörgum fylkjum Bandaríkjanna og Kanada eru ennþá starfandi ríkisreknar áfengiseinkasölur.

**ÁFENGI OG UNGMENN**

Eitt af því mikilvægasta sem áfengisstefna stjórnvalda miðar að er að vernda unga fólk gagnvart áfengi. Á næstu síðu er línurit sem sýnir áfengisneyslu evrópskra ungmenna. Af línuritinu má sjá að neysla íslenskra ungmenna er nálægt meðalgildi. Þetta eru of háar tölur og því er mikilvægt að halda áfram að vinna að því að minnka neysluna í þessum aldurshópi.

Eitt af því sem hefur áhrif á neyslu ungmenna eru auglýsingar. Sérstak-

lega ef þær eru lífsstílstengdar. Í Svíþjóð er leyft að auglýsa léttvín. Neysla á léttvíni í Svíþjóð er orðin sú hæsta á Norðurlöndum. Nú er svo komið að áfengisöndurinn er orðinn stærsti auglýsandinn á sænskum blaðamarkaði. Svíar hafa komist að því að hvergi nokkurs staðar eru börn og ungmenni eins berskjölduð gagnvart áfengisauglýsingum eins og í Svíþjóð. Á Íslandi er bannað að auglýsa áfengi. Samt eru auglýsingar á bjór algengar og því miður eru þar innlendir framleiðendur í fararbroddi. Auglýsingarnar ná eyrum og augum ungmenna og ýta undir neyslu þeirra. Mikilvægt er að herða eftirlit með áfengisauglýsingum og skerpa á löggjöfinni ef með þarf.

Annað sem veldur áhyggjum er sú slæma þróun að framleiðendur áfengis eru í auknum mæli farnir að nota þekkt vörumerki í óáfengum vörum yfir vörur sem innihalda áfengi. Því miður hafa áfengisumbúðir einnig þróast í þá átt að verða sífellt líkari umbúðum undir óáfenga vöru. Samfara þessu er merkingin á áfengisinnihaldinu að verða minna áberandi og gjarnan höfð á baklið vörunnar. Þetta er alþjóðleg þróun sem á upptök sín að mestu í Bandaríkjunum. Vörunar höfða gjarnan til


nýrra neytenda með skærum litum og dísætu bragði. Erfitt er að sporna við þessari þróun en meginkrafa ÁTVR, ef um svona vörur er að ræða, er að áberandi merkingar á áfengisinnihaldi séu á framhlið vörunnar. Það er hluti af samfélagslegri ábyrgð okkar að tryggja að engin hættu sé á ruglingi milli áfengrar og óáfengrar vöru. Skiptir þá engu hvort varan sé inni í búðinni hjá okkur eða í ísskápnum hjá viðskiptavininum. Enginn vill að ungmenni taki áfengi í misgripum fyrir óáfenga vöru og valdi kannski sjálfu sér eða öðrum skaða í framhaldinu.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki mínu fyrir samstarfið á árinu. Það að ná efsta sæti í Íslensku ánægjuvöginni gerist ekki af sjálfu sér. Það er ótrúlega góður árangur og sýnir svo að ekki verður um villst að hjá ÁTVR vinnur duglegt fólk sem býr að einstakri þjónustulund og setur viðskiptavininn í fyrsta sæti.

Ívar J. Arndal



**Hlutfall evrópskra 10. bekinga sem hafa orðið drukkni 10 sinnum eða oftar á síðustu 12 mánuðum**



„Þetta er frábært –  
eftir að búðin opnaði  
hér á Flúðum þá þarf  
ég ekki að keyra  
fleiri, fleiri kílómetra  
í Vínbúðina mína.“

Í ár hlaut Vínbúðin hæstu einkunn  
allra fyrirtækja í mælingu á  
Íslensku ánægjuvöginni sem er  
jafnframt hæsta einkunn sem við-  
skiptavinir Vínbúðanna hafa gefið  
frá upphafi, en Vínbúðin hefur  
verið þátttakandi frá árinu 2003.

Almennt er meiri ánægja með  
þjónustu minni Vínbúða sem allar  
eru á landsbyggðinni og hlutu þær  
4,4 af 5 í Íslensku ánægjuvöginni.  
Í Vínbúðinni á Flúðum var vöru-  
valið tvöfaldað á árinu og  
opunartíminn aukinn.

36

LANDSBYGGÐIN

12

HÖFUDBORGIN

48 VÍNBUÐIR ERU Á ÍSLANDI



36

MÆLIKVARÐAR



## SKÝRSLA Í SAMRÆMI VIÐ GRI

**MARKMIÐIÐ ER AÐ MIÐLA UPPLÝSINGUM UM STARFSEMI FYRIRTÆKISINS TENGDRI SAMFÉLAGSLEGRI ÁBYRGÐ Á GAGNSÆJAN HÁTT.**

Við gerð ársskýrslu ÁTVR er fylgt viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI). Markmiðið er að miðla upplýsingum um starfsemi fyrirtækisins tengdri samfélagslegri ábyrgð á gagnsæjan hátt og með samanburðarhæfum tölum ár frá ári. Þetta er önnur ársskýrslan sem tekur mið af GRI. Í ár er skýrslan unnin í samræmi við G4 og nær yfir alla starfsemi fyrirtækisins sem er eingöngu á Íslandi. Árið 2012 var skýrslan unnin í samræmi við G3.1, ekki er um veigamiklar breytingar að ræða og eru skýrslurnar í meginatriðum sambærilegar.

ÁTVR er aðili að UN Global Compact og er ársskýrslunni skilað sem árlegri framvinduskýrslu (e. Communication on Progress) til skrifstofu UN Global Compact í samræmi við samkomulag þar að lútandi.

Í upphafi árs gerðist ÁTVR aðili að Festu, miðstöð um samfélagslega ábyrgð. Markmið félagsins er að leita bestu aðferða fyrir fyrirtæki við innleiðingu á stefnu um samfélagslega ábyrgð, stuðla að vitundarvakningu um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og hvetja til rannsókna á viðfangsefnum í samstarfi við háskólasamfélagið.

Upplýsingar í skýrslunni gilda fyrir almanaksárið 2013. Í henni er fjallað um hvernig fyrirtækið fylgir G4 viðmiðunum. Greint er frá 36 mælikvörðum í 6 flokkum (vísar). Aðferðum við mælingar og útreikninga er lýst, ef við á, í tengslum við viðkomandi mælikvarða. Til samanburðar eru birtar eldri tölur þar sem þær eru til.

## HEILDARSTEFNA

### LEIÐARLJÓS

Að stuðla að bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð með því að framfylgja stefnu stjórnvalda í áfengis- og tóbaksmálum

### STEFNA

Að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja landsins og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð

### ÁHERSLUR

#### Viðskiptavinir

- Við setjum viðskiptavininn í öndvegi og tökum mið af væntingum hans
- Þjónusta okkar einkennist af lipurð, fagmennsku og hlutleysi
- Við leggjum áherslu á fræðslu til viðskiptavina

#### Vöruval

- Við stuðlum að bættri áfengismenningu með ábyrgu vöruvali
- Við viljum að vöruval okkar sé áhugavert og byggji á fjölbreytileika og gæðum
- Við gætum hlutleysis við val og dreifingu á vöru
- Við leitumst við að bjóða eingöngu vörur sem framleiddar eru samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum

#### Samfélagsleg ábyrgð

- Við störfum með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og vinnum gegn skaðlegri notkun áfengis og tóbaks
- Við viljum tryggja að aldursmörk til áfengiskaupa séu virt
- Við viljum vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks með því að hindra framboð á óæskilegum vörum
- Við berum virðingu fyrir umhverfinu og leitum leiða til að lágmarka umhverfisáhrif af starfsemi okkar

#### Hagkvæmni

- Við förum vel með verðmæti og notum auðlindir af ábyrgð
- Við leitum stöðugt nýrra leiða til þess að bæta rekstur okkar

#### Mannauður

- Við viljum að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð
- Við viljum að starfsfólk njóti virðingar og gerum því kleift að sinna starfi sínu á sem bestan hátt
- Við leggjum áherslu á að starfsfólk fái tækifæri til að auka þekkingu sína og hæfni



ÍVAR J. ARNDAL  
Forstjóri




SIGRÚN ÓSK SIGURDARDÓTTIR  
Aðstoðarforstjóri



EINAR S. EINARSSON  
Framkvæmdastjóri



SVEINN VÍKINGUR ÁRNASON  
Framkvæmdastjóri



## SKIPULAG OG STJÓRNUN

Skipuritinu er ætlað að sýna starfsemi fyrirtækisins á myndrænan hátt. Núverandi skipurit tók gildi í árslok. Meginsviðin eru tvö: vörudreifing og heildsala tóbaks og sölu- og þjónustusvið. Stoðsviðin eru fjögur: fjárhagssvið, mannauðssvið, rekstrarsvið og vörusvið en meginhlutverk þeirra er að þjónusta meginsviðin. Framkvæmdastjórar eru þrír. Einar S. Einarsson ber ábyrgð á rekstri sölu- og þjónustusviðs og vörusviðs. Vörudreifing og heildsala tóbaks, og rekstrarsvið eru undir stjórn Sveins Víkings Árnasonar. Sigrún Ósk


Sigurdardóttir er aðstoðarforstjóri og ber ábyrgð á fjárhags- og mannauðssviði. Yfirstjórn, þ.e. forstjóri og framkvæmdastjórar, hittist að jafnaði vikulega og ræðir stöðu verkefna og tekur ákvarðanir tengdar rekstri fyrirtækisins. Stjórnendur í höfuðstöðvum hittast að jafnaði tvisvar í mánuði þar sem farið er yfir verkefni og veittar upplýsingar um það sem hæst ber hverju sinni. Verslunarstjórar í stærri Vínbúðum þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi og Reykjanesbæ hittast að jafnaði

einu sinni í mánuði með stjórnendum sölu- og þjónustusviðs til að fara yfir þætti sem snúa að rekstri Vínbúðanna. Stjórnendur á skrifstofu, dreifingarmiðstöð og í stærri Vínbúðum halda reglulega fundi með sínu starfsfólki. Þverfaglegir verkefna- og umbótaþópar hafa fest sig í sessi og eru þeir fastir liðir í skipulagi fyrirtækisins. Hóparnir vinna að fyrirfram skilgreindum verkefnum og starfa til lengri eða skemmri tíma. Á árinu störfuðu sjö hópar með þátttöku um 20 starfsmanna frá mismunandi starfsstöðvum.



„Takk fyrir að sýna skilríki... það er betra að vera viss.“

Skilríkjaeftirlit í Vínbúðunum er mikilvægur þáttur í því að lágmarka aðgengi ungs fólks að áfengi og tryggja að allir viðskiptavinir hafi náð áfengiskaupaaldri. Forvarnarstarf beinist að því að leggja áherslu á ábyrgja áfengis- og tóbaksneyslu. 80% árangur er af huldheimsóknun vegna skilríkjaeftirlits.




80% ÁRANGUR ER AF HULDUHEIMSÓKNUM

**200.000**

VIÐSKIPTAVINIR ERU SPURÐIR UM SKILRÍKI Á HVERJU ÁRI





## HAGSMUNAAÐILAR

Við mat á samfélagslegri ábyrgð er mikilvægt að gera sér grein fyrir hlutverki hagsmunaaðila. Hagsmunaaðilum er skipt í fimm flokka: Samfélagið, viðskiptavinir, mannaúður, birgjar og eigendur (ríkið). Hér verður stuttlega gerð grein fyrir hverjum flokki fyrir sig.

### SAMFÉLAGIÐ

Allt frá árinu 1922 hefur ríkið rekið einkasölu áfengis hér á landi. Grunnur áfengisstefnu stjórnvalda er að starf-rækja einkasölu áfengis, háir áfengis-skattar og bann við áfengisauklýsingum og markaðsstarfsemi tengdri áfengi. Á þeim grunni starfar ÁTVR en reksturinn byggir ekki á söluhvetjandi starfsemi þar sem markmiðið er að fá viðskiptavini til að kaupa sem mest. Jafnframt hefur ÁTVR með höndum einkasölu á heildsölu tóbaks auk þess að innheimta tóbaksgjald fyrir ríkissjóð.

Skilríkjaeftirlit er mikilvægur þáttur til að tryggja að allir viðskiptavinir hafi náð áfengiskaupaaldri. Forvarnarstarf beinist að því að leggja áherslu á ábyrga áfengis- og tóbaksneyslu. Fyrirtækið vinnur beint að forvarnarstarfi með auglýsingaherferðum ásamt því að starfa með og styrkja aðila sem vinna á sviði forvarna.

### VIÐSKIPTAVINIR

Stefna fyrirtækisins er að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja landsins og

vera þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Mikil áhersla er lögð á að vörubekking starfsfólks sé góð og að viðskiptavinir fái notið framúrskarandi þjónustu sem einkennist af lipurð, fagmennsku og hlutleysi. Markvisst er unnið að því að tryggja fjölbreytt vörurval. Fræðsla til viðskiptavina hefur það markmið að vekja áhuga þeirra á að tengja saman vín og mat öllum til ánægju. Árlega eru gerðar viðhorfskannanir á meðal viðskiptavina til að fá fram skoðun þeirra á þjónustunni og viðmóti starfsfólks. Niðurstöður hverrar Vínbúðar eru rýndar og nýttar sem tæki til umbóta.

### MANNAUÐUR

Ánægt starfsfólk er undirstaða þess að hægt sé að veita góða þjónustu. Fyrirtækið vinnur markvisst að því að skapa góð vinnuskilyrði, þjálfna og veita starfsfólki nægar upplýsingar til að veita góða þjónustu og vera samfélagslega ábyrgt. Áhersla er lögð á að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem samskiptin einkennist af gildunum LIPURÐ – ÞEKING – ÁBYRGÐ. Mikið er lagt upp úr þjónustuþjálfun starfsfólks þar sem höfuðáherslan er á þekkingu á vínfræðum en ekki síður að þjálfna starfsfólk í því að tengja saman vín og mat. Til að stuðla að betri líðan er starfsfólk hvatt til heilsueflingar m.a. með samgöngustyrkjum. Samfélagsleg ábyrgð er mikilvægur þáttur og mikil áhersla

lögð á að tryggja að starfsfólk afgreiði ekki viðskiptavini undir áfengiskaupaaldri.

### BIRGJAR

Allt áfengi og tóbak er keypt af innlendum birgjum. Áhersla er á að samstarfið við birgja sé sem farsælast fyrir báða aðila og að upplýsingagjöf og þjónusta sé þannig uppbyggð að báðir aðilar hagnist. Sérstakt vefsvæði er fyrir birgja til að tryggja þægileg samskipti og öfluga upplýsingagjöf. Reglulegir fundir eru haldnir til að fara yfir ýmis mál og tvisvar á ári eru gerðar kannanir á meðal birgja til að fá fram skoðanir þeirra og álit á margvíslegum þáttum í starfsemiinni.

### EIGANDINN | RÍKIÐ

Starfsemi ÁTVR skal miðuð við að hún sé sem hagkvæmest og afli tekna sem nægir til að greiða rekstrarkostnað og skila hæfilegum arði til ríkissjóðs. Markmiðið er að stuðla að bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð með því að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki. Mikil áhersla er á að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð af óæskilegum vörum eins og kostur er í samræmi við þau lög og reglur sem gilda hverju sinni.

# 4285

ÞÚSUND VIÐSKIPTAVINIR

# 4,35

ER MEÐALSALA Í LÍTRUM  
Á MEÐALVIÐSKIPTAVIN

# 3

ÁRA MARKMIÐ

## MARKMIÐ OG ÁRANGUR

Mælanleg markmið eru sett fyrir flesta þætti í rekstri fyrirtækisins. Fylgst er með stöðu mælikvarða mánaðarlega og frammistaðan birt á innri vef. Vínbúðir fá niðurstöður fyrir sína starfsstöð en einnig samanburð við aðrar Vínbúðir í

sama stærðarflokki. Í árslok 2011 var unnin áætlun til þriggja ára fyrir tíma-bilið 2012–2014. Á grundvelli þeirrar áætlunar er unnin ársáætlun sem byggir á stefnu fyrirtækisins og lykil-markmiðum langtímaáætlunarinnar.

## SJÁLFBÆRNISTJÓRNUN

### MARKMIÐ OG MÆLIKVARÐAR

Í töflunni má sjá helstu markmið og mælikvarða. Mælikvarðarnir eru flokk-

aðir eftir hagsmunaaðilum með tilvísun í GRI mælikvarða og Global Compact þar sem það á við.

## LYKILMARKMIÐ 2012–2014

### LYKILMARKMIÐIN ERU:

- Að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja á Íslandi
- 90% árangur hulduheimsókna vegna skilríkjaeftirlits
- Virk umhverfisstjórnun
- Að vera í hópi 30% bestu fyrirtækja landsins í kjarnaspurningu starfsánægjukönnunar Capacent Callup
- Að árleg arðsemi verði í samræmi við fjárlög án þess að stuðla að aukinni sölu
- Að þjónustueinkunn birgja í birgjakönnun verði 4,2 af 5



ÁRANGUR ÁTVR Í  
ÁNÆGJUVOGINNI  
HEFUR ALDREI  
MÆLST HÆRRI EN  
FYRIR ÁRIÐ 2013

HAGSMUNAAÐILI	SJÁLFBÆRNISVÆÐI		2013 Niðurstaða	2013 Markmið	2014 Markmið	GRI mælikvarði	Global Compact
SAMFÉLAGIÐ	Ánægja með fyrirkomulag áfengissölu	Ánægja %	50	51	51	G4-SO1	P1
	Samfélagsleg ábyrgð	Hulduheimsóknir	80	87	87	G4-SO10	
	Loftslag – flutningur áfengis	Viðskiptavinir spurðir um skilríki %	4,6	2,2	1,9	G4-SO10	
	Loftslag – flug innanlands og erlendis	CO <sub>2</sub> tonn	193	175	180	G4-EN15	P7, P8
		CO <sub>2</sub> tonn	31	25	29	G4-EN15	P7, P8
VIÐSKIPTAVINIR	Ímynd	Íslenska ánægjuvogin	71,4	71	71	G4-PR1, G4-PR5	
	Loftslag – umbúðir	Endurvinnsluhlutfall %	89	89	90	G4-EN23	P8
	Ánægja viðskiptavina	Lífrænt ræktað áfengi, % sala	0,38	0,4	0,4	G4-EN27	P7, P8, P9
		Ánægja viðskiptavina - Ísl. ánægjuvogin/þjónustukönnun	74,1	73	73	G4-PR5	
		Ánægja viðskiptavina - stærri Vínbúðir mælt á Vínbúð	4,2	4,4	4,3	G4-PR5	
		Ánægja viðskiptavina - minni Vínbúðir mælt á Vínbúð	4,4	4,4	4,5	G4-PR5	
	Einkenni þjónustunnar	Persónuleg þjónusta og ráðgjöf	7,8	7,8	7,8	G4-PR5	
	Væntingar til fyrirtækisins	Íslenska ánægjuvogin	74	74	74	G4-PR5	
MANNAUÐUR	Efla starfsánægju og samvinnu	Þjónustustig kjarnavöru %	98,6	96	96	G4-PR5	
		Ánægja í starfi	4,27	4,35	4,35	G4-10, G4-HR4	P3, P6
		Hrós	4,0	3,8	3,8	G4-10	P6
		Starfsfólk vinnur sem ein heild	4,24	4,16	4,16	G4-10	P6
		Starfsmannavelta %	17			G4-LA1	P6
		Fjarvistir v/veikinda sem hlutfall af unnum klst. %	2,3	2,5	2,5	G4-LA6	
	Efla þjónustuþekkingu	Góð þekking á þeirri þjónustu sem Vínbúðir veita	4,0	4,1	4,1	G4-LA9	P6
Próun mannaúðs	Tækifæri til að læra og þróast í starfi	4,0	4,1	4,1	G4-LA9	P6	
BIRGJAR	Ánægja birgja	Heildaránægja birgja – birgjakönnun	3,5	4,2	4,2	G4-EC9, G4-HR5, G4-HR6	P4, P5
	Skýrar reglur og gegnsæi	Hlutleysi gagnvart birgjum	3,0	3,7	3,7	G4-SO3	P10
	Stofnsamningur – áfengisbirgjar	Hlutfall %	100	100	100	G4-HR1	P2
	Flutningar	Sjóflutningar áfengis (CO <sub>2</sub> tonn)	547			G4-EN16	P7, P8, P9
		Sanngjörn framleiðsla (Fair trade) %	0,02			G4-PR3	
EIGENDUR		Framlegð	14,9	14,7	14,7	G4-EC1	
		Arðsemi eiginfjár	29,0	26,4	21,9	G4-EC1	
	Skýr ábyrgð auðlinda	Afköst í Vínbúðum, lítrar á unna klst.	60,9	56,5	56,5	G4-10	P6
		Afköst í DM, lítrar á unna klst.	319	275	275	G4-10	P6
		Biðtími áfengisbirgða í dögum	29,3	24,0	24,0	G4-EC1	
		Rekstrarkostnaður sem hlutfall af sölu án vsk %	10,1	10,2	10,2	G4-EC1	
	Óskýrð rýrnun sem hlutfall af sölu %	0,04	0,06	0,06	G4-SO3	P10	




18,7

MILLJÓN LÍTRAR AF  
ÁFENGI SELDIR ÁRIÐ 2013

**STÆRSTU DAGARNIR**

Fjöldi viðskiptavina í þúsundum



## VIÐSKIPTAVINIR

### ÁNÆGJA VIÐSKIPTAVINA

Íslenska ánægjuvogin er könnun sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvísí og Capacent Gallup standa sameiginlega að. Markmið Ánægjuvogarinnar er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina en einnig nokkrum öðrum þáttum sem hafa áhrif á hana s.s. ímynd, mat á gæðum og tryggð viðskiptavina. Að þessu sinni var birt niðurstaða á mælingu hjá 21 íslensku fyrirtæki í 6 atvinnugreinum. Í ár hlaut Vínbúðin hæstu einkunn allra fyrirtækja í mælingunni. Þetta er jafnframt hæsta einkunn sem viðskiptavinir Vínbúðanna hafa gefið frá upphafi, en Vínbúðin hefur verið þátttakandi frá árinu 2003. Þessi niðurstaða er einkar ánægjuleg og mikill heiður fyrir starfsfólk Vínbúðanna. Mælingin er mikilvægur mælikvarði til að kanna hvort fyrirtæki náí markmiðum sínum sem eru að veita framúrskarandi þjónustu og verða þannig í hópi fremstu þjónustufyrirtækja landsins.

Til viðbótar þátttöku í Íslensku ánægjuvuginni eru gerðar þjónustukannanir þar sem viðskiptavinir eru beðnir um að gefa þeirri Vínbúð sem þeir versluðu síðast í einkunn. Spurt er um fjölmarga þætti aðra en ánægju með þjónustu m.a. vöruval, viðmót starfsfólks og þekkingu. Í heildina eru viðskiptavinir mjög ánægðir með þjónustuna en almennt er meiri ánægja með þjónustu minni Vínbúða, sem allar eru staðsettar á landsbyggðinni.

### Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu Vínbúðarinnar?

Vínbúðir	2011	2012	2013
Stærri	4,22	4,15	4,24
Minni	4,43	4,40	4,38

\* Mæling Capacent Gallup á ánægju. Kvarðinn er 1-5 þar sem 1 er lægst og 5 hæst.

Niðurstöður þessara kannana gefa góða mynd af upplifun viðskiptavina og væntingum þeirra sem er góður grunnur breytinga og stefnumótunar. Til að koma til móts við óskir viðskiptavina á landsbyggðinni var opnunartími lengdur í mörgum minnstu Vínbúðunum. Meginbreytingin var sú að opnunartíminn í 12 minnstu Vínbúðunum (K100) var lengdur í júní, júlí og ágúst. Í fjórum Vínbúðum lengdist opnunartíminn úr 7 í 14 tíma á viku og í öðrum sjö úr 6 í 13 tíma á viku á virkum dögum. Einnig var sett inn laugardagsopnun í Vínbúðum sem staðsettar eru á helstu ferðamannastöðum s.s. Búðardal, Hólmavík, Kirkjubæjarklaustri og Vík. Í maí voru gerðar gagngerar breytingar á Vínbúðinni á Flúðum, vöruvalið tvöfaldað og opnunartíminn lengdur úr 14 tímum í 31 tíma á viku.

Flestir viðskiptavinir koma í Vínbúðirnar seinni hluta vikunnar og í hefðbundinni viku koma tæplega 60% viðskiptavina á föstudögum. Heildarfjöldi viðskiptavina á árinu var 4.285 þúsund. Stærsti dagur ársins var 23. desember



en þá komu yfir 43.000 viðskiptavinir, alls voru fjórir dagar á árinu þar sem viðskiptavinafjöldinn fór yfir 40 þúsund. Til samanburðar þá koma um 27 þúsund viðskiptavinir að meðaltali í Vínbúðirnar á hefðbundnum föstudegi.

### VÖRUVAL

Val á vöru í vöruvali ræðst af reglugerð um vöruval og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja (nr. 755/2011). Hins vegar ræðst vöruval Vínbúðanna að mestu af eftirspurn viðskiptavina. Vöruvalinu má í stórum dráttum skipta í þrennt; kjarna, reynslu og sérflokk. Kjarni er meginsölu flokkurinn en í honum eru þær vörur sem njóta mestrar eftirspurnar og mynda vöruval hverrar Vínbúðar í samræmi við það. Vörur í

kjarna eru endurmetnar þrisvar sinnum á ári og breytist þá vöruval Vínbúðanna. Reynsluflokkur er ætlaður nýjum vörum sem birgjar bjóða til tilraunasölu í Vínbúðum. Reynsluvörur eru fáanlegar í þremur Vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu, Heiðrónu, Kringlunni og í Skútuvogi. Ef reynsluvara nær tilteknum viðmiðum í sölu færir hún í kjarna og er um leið fáanleg í fleiri Vínbúðum. Sérflokkur er ætlað að mæta óskum viðskiptavina og styðja vöruvalsstefnu fyrirtækisins með því að stefna að fjölbreytni og gæðum í vöruvali. Vöruvalið í reynslu og sérflokkur breytist frá mánuði til mánaðar í samræmi við þær reglur sem gilda.

Vöruval hverrar Vínbúðar ræðst af stærð Vínbúðanna og söluárangri

EF REYNISLUVARA NÆR  
TILTEKNUM VIÐMIÐUM  
Í SÖLU FÆRIST HÚN Í  
KJARNA OG ER UM LEIÐ  
FÁANLEG Í FLEIRI  
VÍNBUÐUM

2037

VÖRUTEGUNDIR VORU  
Í VÖRUVALI 31. DESEMBER



hverrar tegundar. Þannig selja minnstu Vínbúðirnar mest seldu vörurnar í hverjum flokki. Til að stuðla að fjölbreytni og gæðum er tegundum úr sér-flokki bætt við í vöruvalið, en markmið er að mæta fyrirfram skilgreindu „lágmarks vöruvali“ í hverjum Vínbúðar-flokki. Til viðbótar er hægt að auka vöruval í hverri Vínbúð sem ekki hefur allt vöruvalið í sölu um 20 tegundir til að mæta eftirspurn á hverjum stað. Þessar tegundir er hægt að velja úr öllu vörusafninu óháð sölu-flokki þ.e. kjarna, reynslu og sér-flokki. Vínbúðum er skipt í fimm flokka eftir stærð. Minnstu Vínbúðirnar eru í K100 flokknum. K100 vísar til þess að í þessum Vínbúðum eru aldrei færri en 100 tegundir í kjarnasölu o.s.frv.

Vínbúðahópar	Fjöldi Vínbúða
K100	12
K200	14
K300	7
K600	6
K800	9

Fjöldi Vínbúða og hlutdeild í heildarsölu áfengis er mjög mismunandi og alls ekki í samræmi við fjölda Vínbúða


í hverjum hópi. K800 og K600 Vínbúðirnar fimmtán selja 79% af heildarsölu í líturum á meðan 12 Vínbúðir í K100 selja 3%.

**FRÆDSL**

Eitt af stefnumiðum fyrirtækisins er að leggja áherslu á fræðslu fyrir viðskiptavinum. Vínblaðið er gefið út fjórum sinnum á ári en auk þess að innihalda vöruskrá Vínbúðanna á hverjum tíma er þar að finna fróðleik um vín, mat, vín-ræktarlönd og margt fleira. Markmiðið með því að efla þekkingu á ýmsu er lýtur að vingerð er að stuðla að hófsamari neyslu áfengis og þar með skapa betri vinnmenningu. Eitt af því sem viðskiptavinum stendur til boða er glæsileg Vínhandbók sem inniheldur gagnlegar upplýsingar um vínrækt, vingerð og aðra leyndardóma vínheimsins. Bókina er hægt að kaupa í Vínbúðum eða nálgast hana endurgjaldslaust á vinbudin.is. Þemadagar hafa fest sig í sessi á undanförunum árum en þar er áhersla á tengingu matar og víns. Á árinu voru haldnir tvennir þemadagar. Í mars var sjónum beint að vínun frá Suður-Frakklandi og í júní og júlí beindist athyglin að vínun frá Rioja. Smábæklingar með uppskriftum og fróðleik eru sívinsælir á

Lífrænt ræktaðar vörur	2011	2012	2013
Fjöldi tegunda	49	58	54
Seldir ltr.	49.192	58.945	70.918
% af seldum ltr.	0,27%	0,32%	0,38%
Einingar	67.018	75.550	90.063

MARKAÐSHLUTDEILD VÍNBUÐAHÓPA Í HEILDARSÖLUNNI



meðal viðskiptavina en markmið þeirra er að taka saman fróðleik um afmörkuð efni og tengja vín og mat.

Til að gera viðskiptavinum auðveldara fyrir þá eru lífrænt ræktaðar og „fairtrade“ vörur merktar sérstaklega í hillum Vínbúðanna fyrir þá viðskiptavinum sem kjósa slíkar vörur umfram aðrar. Þótt hlutfall þeirra í sölu sé ekki hátt þá hefur eftirspurnin aukist ár frá ári.

**VINBUDIN.IS**

Á vinbudin.is eru birtar fréttir úr starfsemi auk þess sem þar er að finna hina opinberu vöruskrá. Til að aðstoða viðskiptavinum er öflug vöruleit þar sem m.a. er hægt að sjá yfirlit yfir hvaða vín eru ný í vöruvalinu á hverjum tíma, lífrænt ræktað vín og vörur í tímabundinni sölu s.s. jólabjór svo eitthvað sé nefnt. Á vefnum er einnig að finna fróðleik, uppskriftir og upplýsingar um opnunartíma Vínbúða. Til að koma til móts við aukinn fjölda viðskiptavina sem er með snjallsíma er hægt að sækja upplýsingar um opnunartíma og staðsetningu Vínbúðanna á m.vinbudin.is

Um 840 þúsund heimsóknir voru á vinbudin.is sem eru um 100 þús. fleiri heimsóknir en árið áður. Frá árinu

2008 hefur orðið rúmlega 100% aukning á heimsóknum en það ár heimsóttu um 400 þúsund vefsíðuna. Hlutfall þeirra sem heimsækja síðuna í gegnum snjallsíma eða spjaldtölvur eykst mikið á milli ára en hlutfall þeirra var 26% í ár en 13% árið á undan. Flestir heimsóttu síðuna 30. og 31. desember en þessa tvo daga voru heimsóknir rúmlega 30 þúsund.

**PLASTPOKAR – MARGNOTA POKAR**

Í umhverfisstefnu ÁTVR er markmiðið að draga úr notkun á einnota vörum eins og plastpokum. Til að auðvelda viðskiptavinum að draga úr notkun plastpoka standa þeim til boða margnota pokar á hagstæðu verði. Viðskiptavinir hafa tekið pokunum fagnandi og hefur sala á þeim aukist um 54% á milli ára. Hins vegar kjósa enn 43% viðskiptavina að kaupa plastpoka þegar þeir versla, sem þýðir um 1,8 milljón plastpokar. Þó dregur lítillega úr notkun á milli ára sem er jákvæð þróun. ÁTVR er aðili að Pokasjóði og rennur ákveðinn hluti af söluverði plastpokanna til sjóðsins. Á árinu skilaði fyrirtækið um 12,8 milljónum til sjóðsins sem úthlutar árlega styrkjum til fjölda góðra málefna.

	2012	2013	% breyting
Seldir lítrar	18.537.255	18.652.856	0,6%
Fjöldi viðskiptavina	4.230.378	4.285.091	1,3%
Seldir plastpokar	1.873.061	1.838.204	-1,9%
Bréfpokar gefnir viðskiptavinum	1.832.000	1.919.000	4,7%
Margnota pokar	15.169	23.334	53,8%

13,5%

FJÖLGUN HEIMSÓKNA Í GEGNUM SNJALLSÍMA EÐA SPJALDTÖLVUR Á VINBUDIN.IS Á MILLI ÁRA

54%  
AUKNING

23.334 UMHVERFIS-VÆNIR POKAR SELDIR Á ÁRINU

1919

ÞÚSUND BRÉFPOKAR GEFNIR VIÐSKIPTAVINUM




„Ég nota þennan poka aftur og aftur. Hann er líka niðsterkur.“

Í umhverfisstefnu ÁTVR er markmiðið að draga úr notkun á einnota vörum eins og plastpokum. Á árinu varð 54% aukning í sölu margnota poka frá fyrra ári. Jafnframt dró úr sölu á plastpokum um 34.857 stk. Þrátt fyrir að heldur fleiri viðskiptavinir hefðu komið í búðirnar.

12,8 M

12,8 MILLJÓNUM SKILAÐ Í POKASJÓÐ Á ÁRINU



2012 2013

54% AUKNING VAR Í SÖLU Á MARGNOTA POKUM



## VÍNBUÐIR ÁRSINS

VÍNBUÐIN  
REYKJANESBÆ

Öllum Vínbúðum eru sett mælanleg markmið, meðal annars um afköst, þjónustustig, skilríkjaeftirlit, rýrnun og gæðaeftirlit. Vínbúðunum er skipt í tvo flokka, stærri og minni búðir, og taka markmiðin mið af stærð. Markmiðin eru í meginatriðum sambærileg innan hvers flokks. Í flokki stærri Vínbúða eru þær búðir sem eru í Vínbúðarhóp K600 og K800 alls 15 Vínbúðir. Í minni flokknunum eru Vínbúðir í K100–K300. Árlega

er starfsfólk þeirra Vínbúða sem ná bestum árangri verðlaunað og hlýtur Vínbúðin auk þess nafnbótina Vínbúð ársins. Á árinu náðist góður árangur og voru Vínbúðirnar í Reykjanesbæ í flokki stærri og Flúðir og Seyðisfjörður í flokki minni Vínbúða verðlaunaðar. Auk þess fékk starfsfólk Vínbúðanna á Akranesi, Hellu, Hvolsvelli, Ólafsvík, Sauðárkróki og Siglufirði viðurkenningu fyrir mjög góðan árangur.

VÍNBUÐIN  
SEYÐISFIRÐI


VÍNBUÐIN  
FLÚÐUM



## MANNAUÐUR

### HELGUN STARFSFÓLKS (STARFSÁNÆGJA)

Heildarmeðaltal kjarnaspurninga



### HOLLUSTA STARFSFÓLKS

hefur verið stöðug undanfarin ár



Í mannauðsmálum er áhersla lögð á að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð. Mikilvægt er að starfsfólk njóti virðingar og áhersla er lögð á að það geti sinnt starfi sínu á sem bestan hátt. Mannauðsstefnan og niðurstaða vinnustaðagreiningar er undirstaða aðgerða í mannauðsmálum. Stefnan er birt á innri vef og á vinbudin.is ásamt öðrum stefnum fyrirtækisins og siðareglum. Tilgangur siðareglna er að bæta starfsanda og ímynd fyrirtækisins og stuðla að bættum samskiptum starfsfólks sín á milli og gagnvart viðskiptavinum. Reglunum er einnig ætlað að skerpa á ábyrgð starfsfólks varðandi meðferð upplýsinga og undirstrika mikilvægi þess að láta alla sem hagsmuna hafa að gæta njóta sanngirni og jafnræðis í hvívetna.

### STARFSÁNÆGJA

Capacent Gallup framkvæmir árlega vinnustaðagreiningu. Línuritíð sýnir þróun helgunar starfsfólks. „Helgun“ er þýðing á enska orðinu „Engagement“. Helgun er mæld með þrettán spurningum (12 kjarnaspurningum, auk heildar-ánægju). Kjarnaspurningarnar snúa að atriðum sem móta reynslu starfsfólks af vinnustaðnum, m.a. hvort starfsumhverfið styður það, hvetur það, gerir því kleift að ná árangri, metur það að verðleikum og stuðlar að starfsþróun þess. Rannsóknir Gallup hafa sýnt að vinnustaðir þar sem starfsfólk er helgaðra

skila meira í framleiðni, meiri ánægju viðskiptavina og minni starfsmanna-veltu. Meðaltal fyrirtækisins er hærra en almennt á vinnustöðum, skv. gagnabanka Capacent Gallup. Heildarmeðaltal kjarnaspurninga lækkar örlítið á milli ára en er engu að síður næsthæsta einkunn á þeim sex árum sem Capacent Gallup hefur framkvæmt könnunina.

Þegar hollusta starfsfólks er skoðuð hefur hún verið stöðug undanfarin ár en aukist frá því að mælingar hófust. Hollusta er þýðing á enska orðinu „Commitment“. Hollusta er mæld með fjórum spurningum (heildaránægja, stolt, mæla með vinnustaðnum og mikilvægi starfs). Meðaltal Vínbúðarinnar er hærra en almennt á vinnustöðum, skv. gagnabanka Capacent Gallup (mælingar frá 2006–2013).

Í kjölfar vinnustaðagreiningarinnar var niðurstaðan kynnt starfsfólki. Starfsfólk stærri Vínbúða, dreifingarmiðstöðvar og skrifstofu fengu sérstaka kynningu á niðurstöðum fyrir sína starfsstöð og samanburð við fyrirtækið í heild. Samhliða vinnustaðagreiningu var framkvæmt yfirmannamat og fengu allir yfirmenn sem hafa mannaforráð, þ.e. fimm eða fleiri undirmenn, mat og sérstaka kynningu. Til viðbótar var nú mæld innri þjónusta, megin- og stoðsviða, en þá gefst starfsfólki kostur á að meta gæði þessara eininga. ÁTVR hefur einnig verið þátttakandi í könnun SFR um stofnun ársins. Niðurstöður ársins voru einkar ánægjulegar og

hækkaði ÁTVR sig mikið á milli ára í flestum þáttum sem mældir eru. ÁTVR var í 11 sæti af 80 stofnunum sem hafa fleiri en 50 starfsmenn.

Vinnustaðagreiningin og kynning á niðurstöðunum er mikilvægt tæki til að ná fram umbótum með markvissum aðgerðum til að efla starfsánægju.

### JAFNLAUNAÚTTEKT

Á árinu var samþykkt ný jafnréttisáætlun. Markmið hennar er að stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu þeirra og virðingu. ÁTVR leggur áherslu á að allir fái notið sín án tillits til kynferðis, kynþáttar, trúarbragða, aldurs eða búsetu. ÁTVR telur mikilvægt að unnið sé að jafnrétti með því að nýta til jafns þann auð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla.

Einn af þeim þáttum sem hafa hvað mest áhrif á jafna stöðu kynjanna eru laun. Ráðgjafarfirmið PwC var fengið til að gera úttekt á launum og greina þau til að ganga úr skugga um starfsfólki væri ekki mismunandi í launum á grundvelli kynferðis. Í kjölfar úttektarinnar hlaut ÁTVR Gullmerki í jafnlaunaúttekt PwC. Fyrirtækið fékk engar athugasemdir við úttektina og þurfti ekki að gera neinar sérstakar úrbætur eða breytingar til þess að hljóta Gullmerkið. Jafnlaunaúttektin greinir upplýsingar um raunverulegan launamun kynjanna þegar tekið hefur verið tillit til þeirra þátta sem mest hafa áhrif á laun s.s. menntun, aldur, starfsaldur, starfa-


flokkur og vinnustundir. Til að hljóta Gullmerkið þurfa fyrirtæki að hafa 3,5% eða minni óútskýrðan launamun.

### SAMGÖNGUSAMNINGUR SAMEINAR VISTVÆNAR SAMGÖNGUR OG HEILBRIGÐAN LÍFSSTÍL

Ýmislegt er gert til að stuðla að betri líðan og aukinni starfsánægju. Starfsfólk er hvatt til að hreyfa sig reglulega m.a. með því að veita starfsfólki líkamsræktarstyrk, hvetja til þátttöku í Lífs- hlaupinu og Hjólað í vinnuna. Aðstaða starfsfólks hefur einnig verið bætt töluvert. Á Stuðlahálsi var tekin í notkun aðstaða til að geyma hjól og sturtuáðstaða endurbætt. Þegar framkvæmdir eru í Vínbúðum er almenna reglan sú að sett er upp sturtuáðstaða fyrir starfsfólk, en markmiðið er að auðvelda starfsfólki að koma með vistvænum hætti til vinnu. Samgöngusamningar hafa verið í boði fyrir starfsfólk frá því á vormánuðum 2011. Í ár var í fyrsta skipti boðið upp á samning allt árið en áður höfðu samningarnir eingöngu verið í boði hálf árið frá apríl–sept. Starfsfólk sem skrifar undir samgöngusamning skuldbindur sig til að ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti að jafnaði þrisvar sinnum í viku á samningstímanum. Með vistvænum hætti er átt við að ganga, hlaupa, hjóla eða taka strætó. Mikil ánægja var með samninginn og í sumar voru 133 starfsmenn með samning en fækkaði í 128 yfir vetrarmánuðina, 58 konur og 70 karlar.

601

FENGU GREIÐO LAUN  
Á ÁRINU



44% STARFSMANNA MEÐ  
SAMGÖNGUSAMNING





270

ÁRSVERK VORU UNNIN  
ÁRIÐ 2013

NIÐURSTAÐA  
HEILSUFARSMÆLINGA  
SÝNIR AÐ ÞRÓUN  
Á HEILSUFARI  
STARFSFÓLKS ER  
MJÖG JÁKVÆÐ

Undanfarin ár hefur febrúar verið skilgreindur heilsumánuður en þá er vakín athygli á mikilvægi hreyfingar og heilbrigðs lífsstíls m.a. með fyrirlestur og fróðleik. Í febrúarlok er síðan öllu starfsfólki boðið að fara í heilsufarsmælingu þar sem m.a. blóðþrýstingur, blóðfita, blóðsykur, BMI-stuðull og fituprósentu eru mæld. Alls tóku 150 starfsmenn þátt í mælingunni á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni auk Akureyrar. Á minni starfsstöðvum er starfsfólki boðið að leita til næstu heilsugæslustöðvar til að fá sambærilega heilsufarsmælingu.

Niðurstaða heilsufarsmælinga sýnir að þróun á heilsufari starfsfólks er mjög jákvæð, m.a. eru fleiri sem hreyfa sig reglulega, offita minnkar og þeim sem hafa of háan blóðþrýsting fækkar. Þess utan hefur veikindahlutfall lækkað verulega á undanföllum árum, var 3,9% árið 2009 en í ár var hlutfallið 2,3%.

Í samvinnu við starfsmannafélagið er árlega boðið upp á ýmsa viðburði. Má þar nefna árshátíð, sumarsprell og jólaball en það eru þeir viðburðir sem jafnan njóta mestra vinsælda.

**UPPLÝSINGAGJÖF**

Til að starfsfólk geti sinnt starfi sínu og veitt góða þjónustu er mikilvægt að það fái nægar upplýsingar. Auk reglulegra starfsmannafunda m.a. á öllum stærri starfsstöðvum má nálgast upplýsingar á innri vef, Ásgarði. Þar eru birtar fréttir nánast daglega en auk þess er að finna þar margvíslegan fróðleik ásamt nytsamlegum upplýsingum s.s. verklagsreglur og handbækur. Fréttabréf starfsfólks, Flöskuskeytið, var gefið út í 4 tölublöðum á árinu og er það ellefta árið í röð sem það er gefið út. Blaðið er sent heim til starfsfólks en það er

m.a. gert til að gefa heimilisfólki innsýn í daglegt starfsumhverfi starfsmanna. Í blaðinu er birt fjölbreytt efni, bæði fréttir og fróðleikur en myndir úr félagslífinu eru líklega vinsælasta efnið.

**SLYSASKRÁNING OG FJARVISTIR VEGNA VEIKINDA**

Þrjú vinnuslys voru skráð á árinu, þar af átta tvö slysanna sér stað á leiðinni til og frá vinnu. Náðst hefur verulegur árangur með markvissum aðgerðum til að reyna að draga úr álagi og hættu á slysum. Breytt uppröðun í dreifingarmiðstöð hefur það markmið að minnka eins og kostur er akstur lyftara í húsinu og þar með draga úr hættunni á slysum. Við hönnun nýrra Vínbúða er markvisst reynt að minnka vörumeðhöndlun meðal annars með því að afmarka sérstakt rými fyrir bjór og þar með þarf ekki að umstafla vörum í hillur og vagna heldur er hægt að keyra inn heil vörubretti. Ný afgreiðsluborð, sem ætlað er að léttu vinnuálag, voru tekin í notkun í Austurstræti og Stekkjarbakka. Hægt er að hæðarstillja borðin og stjórnna birtustigi í ljósum fyrir ofan afgreiðslusvæðið. Í stærri Vínbúðum var tekinn í notkun búnaður eða „útdrag“ til að auðvelda starfsfólki að draga flöskur fram- ar í neðstu hillu án þess að teygja sig innst í hilluna.

Fjarvistir vegna veikinda sem hlutfall af unnum vinnustundum, voru 2,2% og hefur fækkað á milli ára, var 2,7% árið 2012.

**Veikindi í hlutfalli við unnar vinnustundir**

Vínbúðir	2,3%
Dreifingarmiðstöð	2,6%
Skrifstofa	1,8%
ÁTVR í heild	2,2%

Sjá nánar í G4-LA6 á bls. 90

**FJÖLDI STARFSFÓLKS, STARFS-MANNAVELTA OG ÁRSVERK**

Í desember störfuðu alls 430 hjá fyrirtækinu, bæði fastráðnir og tímavinnufólk, 243 konur og 187 karlar. Þar af voru 205 fastráðnir, 107 konur og 98 karlar. Tímavinnufólk er starfsfólk sem vinnur á álagstímum, seinni hluta vinnunnar, í sumarafleysingum og um jól. Af þeim sem voru í vinnu í desember voru 33% í fullu starfi, 14% í hlutastarfi og 52% í tímavinnu.

Pegar horft er til starfsmannaveltu þá var hún 17% fyrir fyrirtækið í heild. Mesta starfsmannaveltan er hjá starfsfólki í tímavinnu 21% en minnst hjá starfsfólki í fullu starfi 10%. Í viðauka í lið GA-LA1 má sjá sundurliðun starfsmannaveltu eftir ráðningarformi, aldri og kyni.

Starfsmenn sem fengu greidd laun á árinu voru 601 í heildina. Umreiknað í ársverk voru þau 270 í samanburði við 272 árið áður. Í heildina hefur ársverkið um þvi fækkað um 1% á milli ára.

**NÁMSKEIÐ OG STARFSÞRÓUN**

Að veita framúrskarandi þjónustu krefst þekkingar. Mikil áhersla er lögð á að starfsfólk hugi að þekkingu sinni og er öll fræðsla innan vébanda Vínskóla Vínbúðanna. Vínskólinn heldur árlega fjölmörg námskeið sem gefa starfsfólki kost á að efla þekkingu sína og færni. Öllu starfsfólki Vínbúðanna er ætlað að sækja grunnnámskeið í vínfræðum (Vínfræði I) innan sex mánaða eftir að það hefur störf. Það sama gildir um tímavinnufólk en þar eru tímamörkin 12 mánuðir. Vínfræði II er ekki skyldunámskeið en markmiðið er að fastráðið starfsfólk stærri Vínbúða sækji það


námskeið. Fjölmörg stutt námskeið um afmörkuð viðfangsefni, svonefnd fræðsluskot, hafa notið mikilla vinsælda hjá starfsfólki og eru að jafnaði haldin fimm til sex slík námskeið árlega.

Vinsérfræðingar heimsækja Vínbúðirnar og fræða starfsfólk um mest seldu vínin, auk þess eru haldnar kynningar í tengslum við þemadaga þar sem áherslan er á að tengja saman vín og mat.

Þess utan var haldið eitt nýliðanámskeið, níu öryggisnámskeið, vinnuvélanámskeið auk styttri fyrirlestra tengdum heilsu og heilsuvernd. Samanlagt voru námskeiðsstundir tæplega 3.700 sem er samsvarandi um tæpum tveim dögum í námskeiðahald á hvert stöðugildi.

Vínskólinn er í samstarfi við einn virtasta vínskóla heims, WSET í London. Vínskólinn hefur fengið viðurkenningu til að kenna svokölluð „Advance“ námskeið. Kennarar í skólanum hafa verið viðurkenndir af WSET til að kenna allt varðandi borðvín og eimaða drykki. Í lok ársins útskrifuðust fjórir starfsmenn með WSET gráðu og því starfa nú 15 starfsmenn sem vinnuáhrifgjafar sem allir hafa lokið prófi frá WSET.

Á árinu voru frammistöðusamtöl innleidd í allt fyrirtækið. Samtölin byggja í grunninn á matsblöðum þar sem bæði starfsmaðurinn sjálfur og yfirmaður meta frammistöðu á fyrirfram skilgreindum þáttum sem tengjast m.a. samskiptum, samvinnu og líðan í starfi. Markmiðið er að slíkt samtal eigi sér stað einu sinni á ári en um það bil sex mánuðum síðar sé samtalinu fylgt eftir með óformlegri samtali.



FASTRÁÐIÐ STARFSFÓLK:  
57% KONUR, 43% KARLAR

243

KONUR STÖRFUÐU HJÁ  
ÁTVR Í DESEMBER

176

KARLAR STÖRFUÐU HJÁ  
ÁTVR Í DESEMBER






„Vinnan mín gengur út á að ég reyni að gera sem minnst úr öllu.“

Mikil áhersla er lögð á umhverfismál í samræmi við umhverfisstefnu fyrirtækisins. Mikill úrgangur, aðallega pappi og plast fellur til vegna eðli starfseminnar. Starfsfólk Vínúðanna pressar allan pappu sem er svo endurnýttur. Plast er flokkað í dreifingarmiðstöð og í öllum Vínúðum þar sem því verður við komið.

160 TONN

AF BYLGJUPAPPA FARA Í ENDURVINNSLU



89% ENDURVINNSLUHLUTFALL



2001

Samfélagsleg ábyrgð  
fyrst nefnd í stefnu



2005

Aukin áhersla á  
samfélagslega ábyrgð



2008

Norrænt samstarf í  
samfélagslegri ábyrgð.  
Vinna hefst við gerð  
siðareglna með áherslu  
á aðfangakeðjuna



2011

Aukin áhersla á  
samfélagslega ábyrgð  
í lögum um verslun  
með áfengi og tóbak  
nr. 86/2011



2013

Ársskýrsla 2012 í  
samræmi við GRI sjálf-  
bærnivísa – G3.1

Endurtekið CSR  
sjálfsmat

2000

# INNLEIÐING SAMFÉLAGSLEGRAR ÁBYRGÐAR HJÁ ÁTVR

Árangursmælingar  
innleiddar

2004



Sjálfsmat CSR  
byggt á EFQM

2010



ISO 26000

Stofnsamningar  
við áfengisbirgja, þar  
sem kveðið er á um  
samfélagslega ábyrgð  
í aðfangakeðjunni,  
tóku að fullu gildi

ÁTVR aðili að  
Global Compact

2012



Ársskýrsla 2013 í  
samræmi við GRI sjálf-  
bærnivísa – G4

2014





## SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

2012

GERÐIST ÁTVR AÐILI AÐ UN GLOBAL COMPACT SAMTÖKUNUM

ÞEGAR STARFSFÓLK ER SPURT HVORT ÞAÐ TELJI FYRIRTÆKIÐ SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ SVARA YFIR 98% AÐ SVO SÉ

18,4  
AFGREIÐSLUR Á EINSTAKLING AÐ MEÐALTALI Á ÁRINU

### GLOBAL COMPACT

ÁTVR gerðist aðili að UN Global Compact árið 2012. Global Compact eru stærstu samtök á sviði samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja. Þátttakendur eru um 10.000 þar af yfir 7.000 fyrirtæki í 145 löndum. Global Compact er ákall til fyrirtækja um allan heim um að taka þátt í að búa til ramma um samfélag og umhverfi sem tryggir opna og frjálsa markaði sem allir hafi jafna möguleika á að njóta. Með þátttöku vill ÁTVR stuðla að því að þær vörur sem boðið er upp á séu í samræmi við sáttmálann sem kveður á um afnám barnaþrælkunar, virðingu mannréttinda, aðbúnað á vinnustað, umhverfismál og varnir gegn spillingu.

Með undirrituninni skuldbindur ÁTVR sig til að fylgja reglum og að stefna, starfshættir og vörukaupferli fyrirtækisins taki mið af þeim. Árlega mun ÁTVR gera grein fyrir árangri og/eða verkefnum sem styrkja meginreglurnar 10, eins og fyrirtækjum er gert að gera.

### ÞEKKT FYRIR SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ

Stefna fyrirtækisins er að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja landsins og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Við innleiðingu á samfélagslegri ábyrgð hefur verið fylgt leiðbeiningastaðlinum ISO 26000. Til að kanna viðhorf til samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækisins voru gerðar tvær kannanir. Capacent

Gallup gerði könnun á meðal almennings en fyrirtækið framkvæmdi sjálft könnun á meðal starfsfólks.

Þegar almenningur er spurður; Hversu miklu eða litlu máli finnst þér skipta að fyrirtæki séu samfélagslega ábyrg í starfsemi sinni? svara 85% að það skipti öllu eða miklu máli. Þegar spurt er um ÁTVR sérstaklega telja 67% að fyrirtækið sýni mikla eða nokkra samfélagslega ábyrgð. 12% telja fyrirtækið ekki sýna neina ábyrgð. Þeir sem eru yngri telja fyrirtækið almennt mun ábyrgara en þeir sem eldri eru. Þegar spurt er hvernig viðkomandi telji ÁTVR sýna samfélagslega ábyrgð nefnir mikill meirihluti forvarnir, fræðslu og auglýsingar, ásamt því að selja ekki ungmennum áfengi.

Þegar starfsfólk er spurt hvort það telji fyrirtækið samfélagslega ábyrgt svara yfir 98% að svo sé. Einkar ánægjulegt er að sjá þessa niðurstöðu enda hefur mikil áhersla verið lögð á að kynna málefnið fyrir starfsfólki, sérstaklega í Vínbúðum í tengslum við skilríkjaeftirlit. Flestir nefna að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækisins snúi að forvörnum og að afgangi ekki þá sem eru undir áfengiskaupaldri.

### STUÐNINGUR VIÐ FYRIRKOMULAG EINKASÖLU ÁFENGIS Á ÍSLANDI

Þegar landsmenn eru spurðir: „Myndir þú vilja að Vínbúðir ÁTVR hafi áfram einkaleyfi á sölu á bjór, léttvíni og sterku

áfengi eða myndir þú vilja að sala á bjór, léttvíni og sterku áfengi yrði leyfð í öðrum verslunum?“ svara 56% að þeir vilji að Vínbúðir hafi áfram einkaleyfi, 44% vilja hins vegar leyfa sölu á áfengi í öðrum verslunum. Almennt eru konur ánægðari með einkasölu fyrirkomulagið, 64% kvenna er fylgjandi núverandi fyrirkomulagi en 49% karla. Stuðningur er mestur í aldursflokknum 50–75 ára bæði hjá körlum og konum en minnstur í aldursflokknum 30–39 ára. Hins vegar hefur stuðningurinn aukist mikið í yngsta hópnum þ.e. 20–29 ára. Árið 2012 voru 33% fylgjandi einkaleyfinu en nú er hlutfallið 46%. Þegar spurt er hvað fólk sé ánægðast með í núverandi fyrirkomulagi nefna flestir að nauðsynlegt sé að vernda unglunga og það þurfi

að hafa stjórn á áfengissölu. Sem helstu ástæðu þess að landsmenn eru óánægðir með fyrirkomulagið nefna flestir að rétt sé að hafa frjálsa samkeppni og að fyrirkomulagið sé gamaldags.

### SKILRÍKJAEFTIRLIT


Á undanförunum árum hefur mikil áhersla og fræðsla átt sér stað til að efla og auka færni starfsfólks þegar kemur að skilríkjaeftirliti. Enda er það ein af meginskyldum fyrirtækisins að tryggja að viðskiptavinir hafi náð 20 ára aldri. Til að undirstrika mikilvægi skilríkjaeftirlits eru framkvæmdar huldheimsóknir af utanaðkomandi aðilum í öllum stærri Vínbúðum þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi, Reykjanes-

ÞAÐ ER EIN AF MEGINSKYLDUM FYRIRTÆKISINS AÐ TRYGGJA AÐ VIÐSKIPTAVINIR HAFI NÁÐ 20 ÁRA ALDRI

3

HULDUHEIMSÓKNIR Á MÁNUÐI Í STÆRRI VÍNBUÐIR

### HULDUHEIMSÓKNIR – ÞRÓUN



● Raunmæling  
● Markmið

29%

MINNA MAGN ÓFLOKKAÐS  
ÚRGANGS

89%

ENDURVINNSLUHLUTFALL NÁÐIST  
SEM VAR MARKMIÐ ÁRSINS

MIKIL ÁHERSLA ER  
LÖGÐ Á UMHVERFISMÁL  
Í SAMRÆMI VIÐ  
UMHVERFISSTEFNU  
FYRIRTÆKISINS

bæ og Akureyri. Að meðaltali eru þrjár heimsóknir í mánuði í hverja Vínbúð þar sem kannað er hvort ungt fólk á aldrinum 20–25 ára sé spurt um skilríki þegar það verklar. Auk þess er í öllum Vínbúðum fylgst með því hversu oft er spurt um skilríki í hlutfalli við heildar-afgreiðslufjölda.

**HERFERÐIR**

Á undanförunum árum hafa verið birtar ýmsar auglýsingar til að leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð m.a. „Bíddu – hafðu skilríkin meðferðis“ og „Er þetta rétt þróun?“ þar sem foreldrar eru hvattir til að kaupa ekki áfengi fyrir ungt fólk. Báðar þessar herferðir eru í léttum dúr, þótt undirtönninn sé alvarlegur. Í ár var athyglinni beint að munntóbaksnotkun ungs fólks. Lykilsetning herferðarinnar er: „Seturðu hvað sem er upp í þig? Munntóbak er ógeð“. Markmiðið er að vekja fólk til umhugsunar um skaðsemi munntóbaks og minna ungt fólk á að munntóbak sé skaðlegt ekki síður en ógeðslegt. Í auglýsingunni er munntóbaki líkt við rusl til að undirstrika að engum myndi detta í hug að hafa það langtímum saman í

munnum. Auglýsingin fékk jákvæð viðbrögð en hún var framleidd í þrívídd, fyrst íslenskra auglýsinga, og var mest sýnd í kvikmyndahúsum. Auglýsingin var tilnefnd til Lúðursins sem athyglisverðasta auglýsing ársins 2013 í flokki almannaheillauglýsinga.

ÁTVR hefur starfað með aðilum sem vinna að forvörnum. Má þar nefna áralangt samstarf við Umferðarstofu, nú Samgöngustofu, um auglýsinga-herferðir þar sem megináhersla er lögð á að áfengi og akstur eigi aldrei samleið. Auk þess hafa hin ýmsu mannúðar- og forvarnarmál verið styrkt þótt megináherslan sé að styrkja málefni sem tengjast neyslu vímuefna og fyrirbyggjandi starfsemi.

**UMHVERFIÐ**

Mikil áhersla er lögð á umhverfismál í samræmi við umhverfisstefnu fyrirtækisins. Unnið hefur verið að fjölmörgum verkefnum tengd stefnumiðunum, m.a. verkefni um vistvæn innkaup, grænt bókhald og grænt skorkort sem innleitt var á árinu.

Mikill úrgangur, aðallega pappi og plast fellur til vegna eðli starfseminnar.

**Magn til endurvinnslu, plast, blandaður úrgangur, gæðapappír og bylgjupappi**

Endurrunnið (tonn)	2012	2013	% breyting
Bylgjupappi	145	160	10,3
Plastumbúðir	19	18,3	-3,7
Gæðapappír	3,7	3,2	-13,5
Grófur úrgangur	37,4	26,6	-28,9
<b>Samtals endurrunnið</b>	<b>205,1</b>	<b>208,1</b>	<b>1,5</b>
<b>Urðað</b>			
Blandaður úrgangur	21,3	18,2	-14,6
Grófur úrgangur	16,1	8,4	-47,8
<b>Samtals urðað</b>	<b>37,4</b>	<b>26,6</b>	<b>-28,9</b>
<b>Samtals úrgangur</b>	<b>242,5</b>	<b>234,7</b>	<b>-3,2</b>
Endurvinnsluhlutfall %	85	89	

Blandaður og óflokkaður úrgangur ræðst að mestu af umfangi framkvæmda hverju sinni, en aukin áhersla hefur verið lögð á að minnka þennan flokk. Plast er flokkað í dreifingarmiðstöð og í öllum Vínbúðum þar sem því verður við komið. Í auknum mæli hefur viðskiptavinum verið gert kleift að nálgast pappakassa til að endurnota.

Á öllum starfsstöðvum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri er gæðapappír, dagblöðum og tímaritum safnað til endurvinnslu. Jafnframt hefur starfsfólk verið hvatt til að spara útprentanir og minnka þannig pappírnotkun.

Góður árangur náðist á árinu og tókst að minnka magn óflokkaðs úrgangs um 29% og markmið ársins um 89% endurvinnsluhlutfall náðist með samstilltu átaki.

ÁTVR er í hópi stofnenda og hluthafa Endurvinnslunnar sem sér um móttöku allra einnota drykkjarvöruumbúða hérlendis, greiðir út skilgjald þeirra, undirbýr þær til útflutnings og selur til endurvinnslu. Sjá nánar í EN-23 bls. 86.

**NORRÆNT SAMSTARF Á SVIÐI SAMFÉLAGSLEGRAR ÁBYRGÐAR**

Allt frá árinu 2009 hafa norrænu áfengiseinkasölnurnar, Alko í Finnlandi, Systembolaget í Svíþjóð, Vinmonopolet í Noregi, Rúsdrekkasæla Landsins í Færeyjum og ÁTVR, verið í samstarfi sem snýr að siðferðilegum grundvallarreglum í aðfangakeðjunni. Sameiginlegt markmið er að hafa áhrif til aukinnar sjálfbærni með samnorrænum siðareglum (Code of Conduct). Í lögum sem tóku gildi í júní 2011 er kveðið á um að ÁTVR leitist við að tryggja að söluvörur fyrirtækisins séu framleiddar samkvæmt alþjóðlegum samþykktum og siðareglum. Siðareglurnar eru hluti af stofnsamningi við áfengisbirgja en frá 1. sept. 2012 hafa þeir allir undirritað

samninginn. Siðareglurnar, sem eru hluti af stofnsamningi, eru byggðar á tíu meginreglum samfélagslegrar ábyrgðar Global Compact á heimsvísu. Reglurnar njóta alþjóðlegrar viðurkenningar og byggja á:

- Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna
- Yfirlýsingu Alþjóðavinnuárástofnunarinnar um grundvallarreglur og réttindi í starfi
- Ríó-yfirlýsingunni um réttindi og skyldur ríkja gagnvart umhverfinu
- Sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu

Viðskiptavinir, og í raun samfélagið allt, gera í auknum mæli kröfur til fyrirtækja um að þau tryggji að vörur sem þau selja séu framleiddar með siðrænum hætti, um það snúast siðareglurnar og innleiðing þeirra.

Siðareglurnar hafa verið kynntar fyrir áfengisbirgjum í hverju landi fyrir sig en auk þess hefur framleiðendum og öðrum hagsmunaaðilum verið kynnt verkefnið í sameiginlegum vettvangsferðum til nokkurra helstu vinnslulanda. Þau lönd sem heimsótt hafa verið eru Suður-Afríka, Frakkland, Spánn, Ítalía, Chile, Argentína, Kalifornía og árið 2013 voru Pólland og Búlgaríja heimsótt. Í ferðunum eru norrænu siðareglurnar kynntar m.a. fyrir framleiðendum, samtökum framleiðenda og stjórnvöldum. Markmiðið er að framleiðendur og stjórnvöld í hverju landi séu meðvitað um mikilvægi þess að tryggja sé að vörur séu framleiddar við viðunandi aðstæður og í samræmi við alþjóðasamþykktir. Mikilvægt er að það komi fram að reglunum er ætlað að vera grunnur til að leiðrétta hegðun, markmiðið er ekki að útiloka vörur á grundvelli siðareglanna.

KRÖFUR ERU GERÐAR  
TIL FYRIRTÆKJA UM AÐ  
VÖRUR SEM ÞAU SELJA  
SÉU FRAMLEIDDAR MEÐ  
SIÐRÆNUM HÆTTI

90%  
SKILAHLUTFALL AF  
SELDUM UMBÚÐUM



## EIGANDINN

Starfsemi ÁTVR skal miðuð við að hún sé sem hagkvæmust og afli tekna sem nægi til að greiða rekstrarkostnað og skila hæfilegum arði til ríkissjóðs.

Mikið af tekjum fyrirtækisins er með einum eða öðrum hætti hluti af tekjum ríkissjóðs, þ.e. í formi áfengis- og tóbaksgjalda, virðisaukaskatts og arðs. Í ár nam þessi upphæð um 22,5 milljörðum króna og hækkaði um 4,3% á milli ára, var 21,6 milljarðar kr. árið 2012. Alls nam arður ÁTVR til ríkissjóðs 1.200 millj. kr.

1. janúar 2013 hækkaði áfengisgjald á sterkt áfengi um 4,6%, ekki varð hækkun í öðrum flokkum. Á árinu jókst sala léttvína (<=22% alk) um 4,3%, alls voru seldir 3.458 þús. lítrar. Hins vegar var 5,1% samdráttur í sölu á sterku áfengi (>22% alk.). Langmest er selt af bjór eða um 78% af heildarmagni seldra lítra, það varð lítilleg aukning á árinu eða 0,1%. Í heild var selt 0,6% meira magn af áfengi í samanburði við fyrra ár eða 18,6 milljón lítrar.

Tóbaksgjald hækkaði sömuleiðis 1. janúar um 20,3% nema tóbaksgjald á neftóbak sem hækkaði um 100%. Áhrifin á sölu neftóbaks voru þau að salan dróst saman annað árið í röð eftir mikla aukningu undanfarinna ára þar á undan.

Samdráttur var í sölu á vindlum (sígarettum) um 12,2%, vindlum um 10,2% og neftóbaki um 4%. Hins vegar jókst sala á reykttóbaki um 1,6% á milli ára.

### Rekstur

- Við förum vel með verðmæti og notum auðlindir af ábyrgð
- Við leitum stöðugt nýrra leiða til þess að bæta rekstur okkar

### HAGNAÐUR OG SÖLUTÖLUR


Hagnaður ÁTVR var 1.304 m.kr. í samanburði við 1.340 m.kr. árið 2012. Rekstrartekjur ársins voru 27,4 milljarðar kr. Tekjur af sölu áfengis voru 18.202 m.kr. og hækkuðu um 2% á milli ára. Tekjur af sölu tóbaks jukust um

### HLUTI RÍKISSJÓÐS AF BRÚTTÓSÖLU ÁTVR:

	2012	2013
Magn gjald tóbaks	5.007.282	5.502.367
Arður til ríkissjóðs	1.050.000	1.200.000
Áfengisgjald*	8.711.583	8.798.394
Virðisaukaskattur	6.783.234	6.986.585
	<b>21.552.099</b>	<b>22.487.346</b>

\*Áfengisgjald reiknað út eftir seldu magni

BREYTING Í SÖLU EFTIR FLOKKUM MILLI ÁRANNA 2012 OG 2013



BREYTING Í SÖLU TÓBAKS Á MILLI ÁRA



5,1% á milli árunna 2012 og 2013 og voru 9.133 m.kr.

Rekstrargjöld námu 26.115 m.kr. Þar af var vörunotkun 23.321 m.kr. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 1.469 m.kr. eða 5,4% miðað við 5,7% á fyrra ári. Arðsemi eiginfjár á árinu var 29%.

Alls voru seldir 18,7 milljón lítrar af áfengi sem er 0,6% meira magn en árið áður. Mest var selt af bjór eða 14,5 milljón lítrar. Á árinu jókst sala léttvína um 4,3% á meðan sala á sterku áfengi dróst saman um 5,2% á milli ára.


### HAGKVÆMUR REKSTUR

Stöðugt er leitað leiða til að auka skilvirkni og hagkvæmni. Með markvissri markmiðasetningu um afköst starfsfólks, þar sem viðmiðið er seldir lítrar pr. unna klst., hefur náðst verulegur sparnaður í launakostnaði bæði í Vínbúðum og dreifingarmiðstöð á undanförnum árum. Afköst mæld í þúsundum

seldra lítra pr. stöðugildi hafa aldrei verið meiri en allt frá árinu 2009 hefur markvisst verið unnið að því að auka afköst í fyrirtækinu.

Unnið hefur verið að hagræðingu í birgðamálum með breyttu skipulagi flutninga og pantana bæði til birgja og frá Vínbúðum til dreifingarmiðstöðvar. Stöðugt er leitað leiða til að auka hagkvæmni upplýsingakerfa þar sem lögð er áhersla á meiri samþættingu og öryggi gagna. AGR innkaupakerfi var að fullu innleitt á árinu, kerfinu er ætlað að bæta vinnuferli pantana bæði hjá Vínbúðum og í innkaupum á aðallager og gera allt ferlið hagkvæmara og skilvirkara.

Mikið fjárhagslegt hagræði felst í því að innleiða ferli rafrænna reikninga. Á undanförnum árum hefur umfang rafrænna reikninga sífellt verið að aukast. Reikningum má í stórum dráttum skipta í þrjá flokka, vörukaupa-, rekstrar- og sölureikninga. Í kerfinu voru 53 þús-



- Afköst þús. lítrar pr. stöðugildi
- Fjöldi Vínbúða



Á ÁRINU VORU GERÐAR  
GAGNGERAR ENDUR-  
BÆTUR Á VÍNBUÐINNI  
Í AUSTURSTRÆTI

und reikningar í þessum flokkum. Af þessum reikningum voru rúmlega 28 þúsund reikningar rafrænir eða um 53%. Ekki verður til formlegur reikningur þegar Vínbúðir panta vörur frá dreifingarmiðstöð heldur svokallaðar millifærslupantanir. Þær voru alls rúmlega 30 þúsund á árinu og eru eingöngu rafrænar. Hagræði af notkun rafrænna reikninga felst m.a. í sparnaði í móttöku og úrvinnslu þeirra, svo sem með sjálfvirkni í bókun, rafrænu samþykktarferli og greiðslustýringu. Afgreiðsla reikninga verður hraðari og öruggari og sendingar- og geymslukostnaður pappírs minnkar verulega. Varlega áætlað má gera ráð fyrir að um 1.000 krónur

sparist fyrir hvern reikning, því er til mikils að vinna að auka umfang rafrænna reikninga enn frekar.

Árið 2009 var tóbaksafgreiðsla sem staðsett hafði verið í Heiðrúnu flutt til Útgarðs (dreifingarmiðstöðvar). Í framhaldinu hefur smám saman verið unnið að því að flytja alla tóbaksdreifingu frá Vínbúðum til Útgarðs. Öll tóbaksdreifing var orðin miðlæg í janúar 2014. Mikið hagræði fylgir breytingunni þar sem birgðahald og vörumeðhöndlun minnkar og dreifingarkostnaður lækkar. Samhliða hefur verið lögð áhersla á rafrænar pantanir til hagsbóta fyrir alla aðila.

**FRAMKVÆMDIR**

Í árslok 2013 rak ÁTVR 48 Vínbúðir auk vefbúðar, þar af eru 12 Vínbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu voru gerðar gagngerar endurbætur á Vínbúðunum í Austurstræti og í Stekkjarbakka. Vínbúðirnar voru lokaðar í nokkrar vikur meðan á framkvæmdum stóð.

Vínbúðirnar á Kirkjubæjarklaustri og Grundarfirði voru fluttar í stærra og betra húsnæði og breytt í sjálfsafgreiðslu. Vínbúðin á Patreksfirði opnaði í júní í nýju og rúmbetra húsnæði. Vínbúðin í Grindavík var endurnýjuð og opnaði ný og glæsileg verslun þar í október. Allar þessar Vínbúðir eru nú alfarið í rekstri ÁTVR en áður voru þær í samstarfi við annan rekstraraðila. Öll aðstaða er mun betri bæði fyrir viðskiptavinum og starfsfólki. Auk þess voru gerðar nokkrar endurbætur á Vínbúðinni á Reyðarfirði.

Frá því að Vínbúðin á Flúðum var opnuð í júní 2009 hefur viðskiptavinum fjölgað og salan aukist jafnt og þétt. Vínbúðin var í upphafi í flokki minnstu Vínbúða, en vegna fjölda viðskiptavina og mikillar sölu þá var ákveðið að stækka verslunina, auka vöruvalið og lengja opnunartímann. Gerðar voru breytingar á húsnæðinu til að mæta auknu vöruvali og lokaði Vínbúðin meðan á breytingunum stóð.

Á seinni hluta ársins hófust framkvæmdir við viðbyggingu Vínbúðarinnar á Akureyri en markmiðið er að bæta þjónustu við viðskiptavinum m.a. með því að koma upp kæli og auka vöruval. Jafnframt batnar vinnuástaða starfsfólks og vörumeðhöndlun verður þægilegri.

Skrifað var undir leigusamning um nýtt húsnæði fyrir Vínbúðina í Hafnarfirði í upphafi vetrar. Ný Vínbúð opnaði í mars 2014, en frá sama tíma verður Vínbúðinni í verslunarmiðstöðinni Firði lokað. Nýja Vínbúðin er mun stærri en sú eldri og mun hún bætast í hóp þeirra þriggja Vínbúða sem í dag selja allt vöruvalið, þ.e. Vínbúðirnar Heiðrún, Kringlan og Skútuvogur.

**SJÁLFBÆR ORKUNOTKUN /  
ENDURNÝTANLEG ORKA**

Fylgst hefur verið með orkunotkun á Stuðlahálsi 2 en þar eru til húsa höfuðstöðvar ÁTVR, dreifingarmiðstöð og Vínbúðin Heiðrún. Markvisst er reynt að draga úr orkunotkun, bæði heitu vatni og rafmagni. Sérstakt hússtjórnarkerfi vaktar notkun rafmagns og stýrir álagi. Í Vínbúðum hefur verið hugað markvisst að orkusparandi aðgerðum samhliða endurbótum á húsnæði. Til að mæla orkunotkun og gera starfsfólki auðveldara með að skilja umfangið þá er notkunin umreiknuð yfir í meðalnotkun heimila. Á árinu var rafmagnsnotkun á Stuðlahálsi samsvarandi notkun 121 heimila og lækkaði á milli ára.

Heitt vatn er notað til að kynda húsnæði og snjóbræðslu. Ársnotkun á heitu vatni samsvaraði notkun 142 meðalheimila og hækkaði verulega á milli ára. Alvarleg bilun í snjóbræðslukerfi sem ekki uppgötvaðist nægjanlega tímanlega olli hækkingunni en árið 2012 var þessi notkun samsvarandi notkun 100 meðalheimila.



48

VÍNBUÐIR ERU UM ALLT LAND

12

VÍNBUÐIR ERU Á  
HÖFUDBORGARSVÆÐINU

MARKVISST ER  
REYNT AÐ DRAGA ÚR  
ORKUNOTKUN, BÆÐI  
HEITU VATNI OG  
RAFMAGNI

„Ég legg mitt af mörkum til að reka flutningakerfið á sem hagstæðastan hátt. Við höfum fækkað ferðum eins og hægt er og svo skipuleggjum við ferðirnar mjög vel.“

Heildarnotkun eldsneytis á flutningabíla ÁTVR var um 31.400 lítrar árið 2013 og eknir kílómetrar rúmlega 134 þúsund. Helstu umhverfisáhrifum vegna vörudreifingar ÁTVR má skipta í tvennt. Í fyrsta lagi losun koltvísýrings vegna eldsneytisbrennslu og í öðru lagi slit á vegum vegna aksturs.

1257

TRÉ ERU KOLEFNISJÖFNUÐ  
Á HVERJU ÁRI





39

MILLJÓNIR EINGA SELDAR  
Á ÁRINU SEM ER RÚMLEGA EIN  
EINING Á HVERRI SEKUNDU

## BIRGJAR

### STEFNA OG FRAMKVÆMD ÁTVR GAGNVART BIRGJUM

Allir þeir sem hafa fengið leyfi til innflutnings áfengis geta sótt um að vörur þeirra fari í reynslusölu í Vínbúðir. Áður en viðskipti geta hafist er skilyrði að birgjar hafi undirritað stofnsamning um vörukaup áfengis. Samningurinn er heildarsamningur og tekur til allra vörukaupa ÁTVR frá birgja. Samningnum er ætlað að einfalda skjalagerð og samskipti aðila með upptöku rafrænna viðskipta, jafnframt því sem hann kveður heildstætt á um réttarstöðu aðila á grundvelli reglugerðar um vöruval og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja (Nr. 755/2011).

### STOFNSAMNINGAR VIÐ ÁFENGISBIRGJA

Í gildi eru siðareglur, Code of Conduct, sem eru hluti af viðskiptasamningi við birgja, en þar skuldbinda birgjar sig til að leggja til grundvallar viðskiptum sínum þau gildi sem felast í siðareglunum. Enn sem komið er ná þessir samningar eingöngu til áfengisbirgja þótt framtíðarmarkmið sé að sama gildi um tóbaksbirgja.

### VIÐHORF BIRGJA


Tvisvar á ári er gerð könnun á meðal birgja þar sem þeim gefst kostur á að svara spurningum m.a. um afstöðu til núverandi fyrirkomulags áfengissölu, þjónustu ÁTVR í heild og einstakra deilda, auk afstöðu til vöruvalsreglna og upplýsingagjafar. Við úrvinnslu er

birgjum skipt í tvo flokka, stærri og minni, eftir viðskiptaveltu. Stórir birgjar eru þeir sem hafa yfir 100 milljón kr. viðskipti á ársgrundvelli, en minni eru þeir sem eru með viðskipti undir þeirri upphæð. Á heildina litið er marktækur munur á ánægju stærri og minni birgja, en stærri birgjar eru almennt ánægðari. Heilt yfir eru birgjar ánægðir með þjónustu og upplýsingagjöf, stuðningur hefur aukist við fyrirkomulag áfengissölu, fleiri telja að vöruvalsreglur tryggji hlutleysi gagnvart birgjum, en á hinn bóginn hefur ánægja með ÁTVR í heildina minnkað á milli ára. Sjá nánar í viðauka bls. 83

### UPPLÝSINGAR TIL BIRGJA

Að jafnaði er birgjum boðið á fund tvisvar á ári til að fara yfir helstu þætti í rekstri sem snúa að viðskiptum og vöruvali. Birgjar hafa aðgang að sérstöku vefsvæði en þar er að finna almenningar upplýsingar og aðgang að sölutölum og skýrslum sem snerta hvern birgi sérstaklega. Auk þess er á vefsvæðinu sótt um að koma nýjum vörum í sölu og það sama má segja um verðbreytingar, en birgjar geta að jafnaði breytt verði á sínum vörum einu sinni í mánuði með rafrænum hætti. Áfram verður leitast við að gefa eins góðar og gagnlegar upplýsingar og mögulegt er. Innleitt hefur verið CRM upplýsingakerfi til að halda betur utan um frávik í vörumóttöku. Með aukinni upplýsingagjöf og auknu samstarfi við birgja er stefnt að því að fækka frávikum enn

### FJÖLDI FRÁVIKA Í VÖRUMÓTTÖKU



frekar. Þó frávikamálum fækki eru þau enn umtalsvert mörg, eða um 10 á dag. Flest frávik eru vegna ósöluhæftrar vöru, vöntunar eða umframmagns í afhendingu og vegna strikamerkja.

### GÆÐAEFTIRLIT VÖRU

Starfsemi gæðaeftirlits ÁTVR miðast við að ákvarða gæði og öryggi vörunnar. Allar vörur sem hafa uppfyllt formskiilyrði á grundvelli laga fara í gegnum skynmat þegar sótt er um vörur í mánaðar- eða reynslusölu. Uppfylli varan allar gæðakröfur fer hún í reynslusölu. Innleidd hefur verið BSI vottun sem á að tryggja öguð vinnubrögð í gæðaeftirlitinu og neysluöryggi.

Á árinu 2013 voru 519 nýjar vörur teknar inn í reynslusölu. Vörur sem eru komnar í kjarna fara í skynmat þegar nýr árgangur kemur í sölu. Sama gildir fyrir vörur í sérflokki.

### DREIFING

ÁTVR dreifir vörum með eigin bifreiðum á höfuðborgarsvæðinu, til Akraness, Borgarness, Reykjanesbæjar og Grindavíkur. Aðrir flutningar eru boðnir út, almennt á þriggja ára fresti.

Þegar núverandi flutningasamningar tóku gildi var markmiðið að fækka ferðum og minnka um leið umhverfisáhrif flutninga. Við undirbúning útboðs á flutningum árið 2011 var markvisst unnið því að kortleggja dreifingu til að gera ferlið sem skilvirkast. Í kjölfarið hefur náðst verulegur árangur í að lækka kostnað við dreifingu.

### ÖNNUR INNKAUP

ÁTVR er þátttakandi í verkefninu Vistvæn innkaup (VINN) og skilaði inn tölum um grænt bókhald. Verkefnið er samstarfsvettvangur opinberra aðila en meginþættir verkefnisins eru að þróa vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur, upplýsa og aðstoða. Í tengslum við verkefnið Vistvæn innkaup voru helstu rekstrarvörubirgjum send bréf til að kanna möguleika á að auka vistvæn innkaup. Árlega eru sett markmið um grænt bókhald fyrir fjölmarga þætti og reglulega er fylgst með niðurstöðunni. Á árinu náðist ágætur árangur m.a. lækkaði rafmagnsnotkun, endurvinnsluhlutfall úrgangs hækkaði og notkun á einnota plast- og pappaglössum minnkaði verulega svo eitthvað sé nefnt.

ÁRLEGA ERU SETT  
MARKMIÐ UM GRÆNT  
BÓKHOLD FYRIR  
FJÖLMARGA ÞÆTTI



72% AF BJÓRSÖLU ER  
INNLENDUR BJÓR



# ÁRSREIKNINGUR 2013

49

SKÝRSLA OG ÁRITUN FORSTJÓRA

50

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

51

REKSTRARREIKNINGUR

52

EFNAHAGSREIKNINGUR

53

SJÓÐSTREYMI

54

SKÝRINGAR

## SKÝRSLA OG ÁRITUN FORSTJÓRA

Afkoma ÁTVR á árinu 2013 var á áætlun. Vörusala og vörunotkun voru 0,7% minni en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hagnaður ársins nam rúmum 1.304 m.kr. Eignir námu 6.616 m.kr., skuldir voru 2.021 m.kr. og eigið fé nam 4.595 m.kr. í árslok 2013.

Áfengi var selt fyrir 22.844 m.kr. með virðisaukaskatti. Sala áfengis í lítrum jókst frá árinu á undan um 0,63% og seldust 18.653.012 lítrar, þar af var bjórsala 14.477.650 lítrar. Sala tóbaks nam 11.462 m.kr. með virðisaukaskatti. ÁTVR innheimtir tóbaksgjald. Gjaldið nam 5.502 m.kr. á árinu 2013 og hækkaði um 495 m.kr. frá árinu 2012. Sala vindlinga í magni dróst saman um 12,2%. Sala vindlinga nam 217.091 þúsund stykkjum og af vindlum seldust 6.602 þúsund stykki. Selt magn neftóbaks var 27.616 kg.

Nýtt tölvukerfi við birgðastýringu var að fullu tekið í notkun á árinu. Lagerum tóbaks var fækkað og nú er öll tóbaksdreifing til smásala komin á einn stað. Verulegt hagræði er af þessum aðgerðum og hafa birgðir áfengis lækkað um rúm 16% og birgðir tóbaks um 10%.

Eftir nokkurn samdrátt virðist salan á áfengi vera að komast í jafnvægi. Tóbakssalan er enn að dragast saman og er samdrátturinn á árinu með því mesta sem sést hefur.

Á árinu fékk 601 starfsmaður greidd laun hjá ÁTVR. Margir eru í hlutastarfi. Lætur nærri að ársverk hafi verið 270 og hefur þeim fækkað um tvö frá 2012.


Viðskiptavinir ÁTVR eru ánægðir með þjónustuna en ÁTVR er ávallt í hópi efstu fyrirtækja í smásölu í Íslensku ánægjuvuginni.

Víða var unnið að endurnýjun og lagfæringum. Þær helstu voru eftirfarandi. Vínbúðin í Austurstræti var endurnýjuð á sama stað. Framkvæmdir við stækkun Vínbúðarinnar á Akureyri hófust á árinu og áformað að húsnæðið verði tekið í notkun næsta sumar. Vínbúðin á Kirkjubæjarklaustri var flutt í nýtt og stærra húsnæði. Vínbúðin í Grundarfirði var flutt í nýtt og stærra húsnæði. Vínbúðin á Patreksfirði var flutt í nýtt og stærra húsnæði. Húsnæði Vínbúðarinnar í Grindavík var stækkað og búðin endurnýjuð. Húsnæði Vínbúðarinnar í Stekkjarbakka var stækkað, bætt var við bjórkæli og starfsmannaaðstaða stækkuð og endurbætt. Unnið var að lagfæringum í höfuðstöðvum ÁTVR að Stuðlahálsi og framkvæmdum við reiðhjólageymslu var lokið.

Lögum um gjald af áfengi og tóbaki var breytt á árinu og voru bæði áfengis- og tóbaksgjöld hækkuð. Áfengisgjaldið var hækkað um 4,6% á sterkt áfengi. Tóbaksgjald á vindlinga og reyktóbak var hækkað um 20,3% og á neftóbak um 100%.

Forstóri ÁTVR staðfestir ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2014



Ívar J. Arndal, forstjóri.

# ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja og innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.


Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ríkisendurskoðun, 31. mars 2014



Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi.



Óskar Sverrisson, endurskoðandi

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala áfengis .....		18.202.216	17.846.025
Sala tóbaks .....		9.133.339	8.694.275
Sala umbúða o.fl. ....		65.512	65.063
		<u>27.401.067</u>	<u>26.605.363</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Vörunotkun .....	10	23.321.376	22.607.638
Laun og launatengd gjöld .....	11-13	1.596.572	1.531.951
Húsnæðiskostnaður .....		504.268	476.140
Markaðs- og dreifingarkostnaður .....		197.076	189.462
Stjórnunar- og skrifstofukostnaður .....		258.844	226.950
Annar rekstrarkostnaður .....		53.487	68.522
Afskriftir .....	15	183.589	174.528
		<u>26.115.212</u>	<u>25.275.190</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		1.285.855	1.330.173
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b> .....	14	18.223	9.985
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>1.304.078</u>	<u>1.340.158</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	4,15	1.125.895	1.096.297
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	5,16	7.500	7.500
Fastafjármunir samtals		1.133.395	1.103.797
Birgðir .....	6,17	1.187.565	1.400.471
Viðskiptakröfur .....	7,18	1.361.037	1.334.651
Handbært fé .....	8	2.934.010	2.742.300
Veltufjármunir samtals		5.482.612	5.477.422
<b>Eignir samtals</b>		<b>6.616.007</b>	<b>6.581.219</b>
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	19	4.595.462	4.491.384
Eigið fé samtals		4.595.462	4.491.384
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Lánardrottinn .....	9	1.461.280	1.606.536
Aðrar skammtímaskuldir .....		559.265	483.299
Skammtímaskuldir samtals		2.020.545	2.089.835
<b>Eigið fé og kuldir samtals</b>		<b>6.616.007</b>	<b>6.581.219</b>
Skuldbindingar	20		

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		1.304.078	1.340.158
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:			
Afskriftir .....	15	183.589	174.528
Söluhagnaður af fastafjármunum .....		( 707 )	( 1.450 )
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>1.486.960</b>	<b>1.513.236</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, lækkun, (hækkun) .....		212.906	( 94.159 )
Skammtímaskuldir, lækkun .....		( 26.386 )	( 22.532 )
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun .....		( 69.290 )	118.665
		117.230	1.974
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>1.604.190</b>	<b>1.515.210</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum .....	15	( 216.577 )	( 215.978 )
Söluverð rekstrarfjármuna .....		4.097	1.847
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<b>( 212.480 )</b>	<b>( 214.131 )</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Arður til ríkissjóðs .....	19	( 1.200.000 )	( 1.050.000 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>( 1.200.000 )</b>	<b>( 1.050.000 )</b>
<b>Hækkun á handbæru fé</b> .....		191.710	251.079
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		2.742.300	2.491.221
<b>Handbært fé í lok ársins</b>		<b>2.934.010</b>	<b>2.742.300</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# SKÝRINGAR

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### Skattar

2. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatta.

### Erlendir gjaldmiðlar og innlendar vísitölur

3. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á kaupgengi í árslok en skuldir eru umreiknaðar á sölugengi. Viðskipti í erlendum gjaldeyri á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Breytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

Peningalegar eignir og skuldir sem bundnar eru verðtryggingu eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2013. Breytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

### Rekstrarfjármunir

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði. Frá kostnaðarverði eru dregnar reiknaðar afskriftir.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum kostnaði við að koma eignunum á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við áætlaðan endingartíma og eignarhaldstíma.

### Eignarhlutar í öðrum félögum

5. Eignarhlutar í félögum eru færðir á nafnverði.

### Birgðir

6. Birgðir samstanda af endursöluvörum og rekstrarvörum. Birgðirnar eru metnar á síðasta innkaupsverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

## Viðskiptakröfur

7. Greiðslukortakröfur eru færðar meðal viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

## Handbært fé

8. Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir

9. Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

## Vörunotkun

10. Tóbaksgjald er innheimt við sölu tóbaks og er því skilað mánaðarlega til Tollstjóra. Tóbaksgjaldið er skilgreint sem hluti af kostnaðarverði seldra vara í bókhaldi ÁTVR. Alls námu greiðslur tóbaksgjalds 5.502 m.kr. á árinu 2013 en voru 5.007 m.kr. á árinu 2012.

Sundurliðun vörunotkunar	2013	2012
Vörunotkun, áfengi .....	15.578.198	15.267.393
Vörunotkun, tóbak .....	7.717.265	7.313.187
Vörunotkun, umbúðir .....	25.913	27.058
	<u>23.321.376</u>	<u>22.607.638</u>

## Starfsmannamál

11. Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

	2013	2012
Dagvinnulaun .....	847.826	831.207
Yfirvinna .....	432.693	409.198
Launatengd gjöld .....	293.568	284.238
Viðbótarframlag til lífeyrissjóðs .....	16.410	6.186
Áfallið reiknað orlof, breyting .....	6.075	1.122
	<u>1.596.572</u>	<u>1.531.951</u>

12. Launagjöld hækka um 4,2% milli ára. Reiknuð ársverk á árinu 2013 voru 269,6 en ársverk reiknuð með sama hætti árið 2012 voru 272,2 sem er fækkun um 1,0%.

Laun og launatengd gjöld vegna forstjóra námu 15,8 m.kr. sem er sama fjárhæð og árið á undan.

Áunnið orlof starfsmanna til desemberloka er reiknað og fært í ársreikninginn. Það nam 93,0 m.kr. í árslok 2013 en til samanburðar var það 86,9 m.kr. árið áður.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

13. Skuldbindingar ÁTVR vegna eftirlauna núverandi og fyrrverandi starfsmanna voru gerðar upp á árinu 1999. Skuldbindingar sem falla til árlega eru gerðar upp við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins jafn-óðum. Samkvæmt uppgjöri LSR námu lífeyrisskuldbindingar í árslok 2013, 19,3 m.kr. en greiðslur á árinu námu 14,4 m.kr.

**Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

	2013	2012
14. Sundurliðun fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)		
Vaxtatekjur .....	136.156	120.029
Arðstekjur .....	0	750
Póknarir vegna debet- og kreditkorta.....	( 89.511 )	( 85.979 )
Fjármagnstekjuskattur .....	( 27.117 )	( 24.143 )
Vaxtagjöld.....	( 1.305 )	( 672 )
	18.223	9.985

**Rekstrarfjármunir**

15. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Bifreiðar	Fasteignir	Innréttingar og annar bún.	Samtals
Stofnverð 1.1.2013 .....	198.041	1.185.291	808.620	2.191.953
Viðbót á árinu .....	32.907	20.400	163.269	216.577
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 12.886 )	0	( 67.237 )	( 80.123 )
Stofnverð 31.12.2013 .....	218.062	1.205.691	904.653	2.328.406
Afskrifað 1.1.2013 .....	82.158	649.866	363.631	1.095.655
Afskrifað á árinu .....	28.753	22.390	125.055	176.199
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 8.894 )	0	( 60.448 )	( 69.342 )
Afskrifað 31.12.2013 .....	102.017	672.256	428.239	1.202.512
Bókfært verð 31.12.2013 .....	116.045	533.436	476.414	1.125.895
Afskriftarhlutföll .....	12-15%	2-4%	12-20%	

Gjaldfærð afskrift á rekstrarreikningi nemur 186.980 þús.kr. sem er samtala afskrifta ársins og afskrifta vegna niðurlagðra eigna.

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Brunabótamat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir.....	1.750.706	2.949.170	533.436

**Eignarhlutar í félögum**

16. Hlutabréf í Endurvinnslunni hf. eru færð á nafnverði 7.500 þús. kr. Á árinu 2013 var enginn arður greiddur til hluthafa.

**Birgðir**

17. Birgðir um áramót skiptast í áfengi, tóbak, umbúðir og rekstrarvörur:

	2013	2012
Áfengi .....	966.604	1.156.365
Tóbak .....	196.830	217.511
Umbúðir .....	12.491	12.146
Rekstrarvörubirgðir .....	11.640	14.449
	1.187.565	1.400.471

**Viðskiptakröfur**

18. Viðskiptakröfur sundurliðast þannig:

	2013	2012
Kröfur vegna greiðslukorta .....	1.285.435	1.242.407
Viðskiptakröfur .....	75.602	92.244
	1.361.037	1.334.651

**Eigið fé**

19. Yfirlit eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1. ....	4.491.384
Hagnaður skv. rekstrarreikningi .....	1.304.078
Arður til ríkissjóðs .....	( 1.200.000 )
Eigið fé. 31.12. ....	4.595.462

**Önnur mál**

20. Í tengslum við starfsemi ÁTVR voru 36 húsaleigusamningar í gildi í árslok 2013. Þá voru í gildi 5 samningar um þjónustu við Vínubúðir.

**Kennitölur**

21. Fimm ára yfirlit í milljónum króna

Rekstur:	2013	2012	2011	2010	2009
Rekstrartekjur .....	27.401	26.605	25.487	25.365	25.244
Rekstrargjöld .....	( 25.932 )	( 25.100 )	( 24.113 )	( 23.940 )	( 23.847 )
Rekstrarhagn. f. afskr.	1.469	1.505	1.374	1.425	1.397
Afskriftir .....	( 183 )	( 175 )	( 156 )	( 131 )	( 131 )
Rekstrarhagnaður	1.286	1.330	1.218	1.294	1.266
Hreinar fjárm.tekjur .....	18	10	9	39	109
Hagnaður ársins	1.304	1.340	1.227	1.333	1.375
<b>Efnahagur:</b>					
Fastafjármunir .....	1.133	1.104	1.063	1.033	976
Veltufjármunir .....	5.483	5.477	5.109	4.655	4.187
Eignir alls	6.616	6.581	6.172	5.688	5.163
Eigið fé .....	4.595	4.491	4.201	3.974	3.641
Skammtímaskuldir .....	2.021	2.090	1.971	1.714	1.522
Eigið fé og kuldir alls	6.616	6.581	6.172	5.688	5.163

Helstu kennitölur um afkomu og fjárhagsstöðu fyrirtækisins á síðustu fimm árum:

	2013	2012	2011	2010	2009
Rek.hagn.f.afskr./EBITDA .....	5,4%	5,7%	5,4%	5,6%	5,5%
Veltufjárlutfall .....	2,71	2,62	2,59	2,72	2,75
Eiginfjárlutfall .....	0,69	0,68	0,68	0,70	0,71
Arðsemi eigin fjár .....	29,0%	31,9%	30,9%	36,6%	42,6%

# SUNDURLIÐANIR

## HLUTI RÍKISSJÓÐS AF BRÚTTÓSÖLU ÁTVR:

	2013	2012	2011
Magnjald tóbaks	5.502.367	5.007.282	4.810.379
Arður til ríkissjóðs	1.200.000	1.050.000	1.000.000
Áfengisgjald*	8.798.394	8.711.583	8.314.291
Virðisaukaskattur	6.986.585	6.783.234	6.497.175
<b>Samtals</b>	<b>22.487.346</b>	<b>21.552.099</b>	<b>20.621.845</b>


\*Áfengisgjald sem hér er tilgreint er reiknað út eftir seldu magni.

## SKIPTING Á SKATTSKYLDUM ALKÓHÓLLÍTRUM EFTIR SKATTFLOKKUM 2013

	Skattlagðir alkóhóllítrar	Lítrar	Áfengisgjald	Áfengisgjald á alkóhóllítra*
Létt vín <15%	320.898	3.458.042	2.635.853	82,14 kr.
Bjór	405.646	14.477.652	3.704.905	91,33 kr.
Sterkt vín >15% og blandaðir drykkir úr sterku áfengi	219.726	716.974	2.457.636	111,85 kr.
<b>Samtals</b>	<b>946.270</b>	<b>18.652.668</b>	<b>8.798.394</b>	

Tafla þessi á að auðvelda mat á áhrifum breytinga á áfengisgjaldi á tekjur ríkissjóðs. Hafa ber í huga að ofan-skráðar tölur ná ekki til sölu heildsala til annarra aðila en ÁTVR. Áfengisgjald hækkaði 1. janúar 2013 um 4,6% aðeins á sterku áfengi.

**HLUTFALLSLEG SKIPTING Á SÖLU ÁFENGIS Í LÍTRUM 2008–2013**




**SALA ÁFENGIS 2008–2013 OG BREYTING MILLI ÁRA**

Í þúsundum lítra


	Heildarsala áfengis	Breyting í prósentum	Létt vín og styrkt <=22% alk. Breyting í prósentum	Sterkt áfengi >22% alk. Breyting í prósentum	Bjór Breyting í prósentum
2008	20.387	4,25%	3.399	1.099	15.889
2009	19.957	-2,11%	3.287	919	15.751
2010	18.942	-5,09%	3.146	828	14.968
2011	18.438	-2,66%	3.210	798	14.430
2012	18.537	0,54%	3.315	756	14.466
2013	18.653	0,63%	3.458	717	14.478

**HEILDSALA ÁFENGIS**


Þúsundir lítra




**LÉTT VÍN OG STYRKT <= 22% ALK.**



**BJÓR**



**STERKT ÁFENGI > 22% ALK.**



**SALA ÁFENGIS**

með virðisaukaskatti

Stærri Vínbúðir	2013	2012	2011
Vínbúðin Akureyri	1.434.742	1.380.818	1.310.741
Vínbúðin Austurstræti	597.724	650.340	623.964
Vínbúðin Borgartúni	926.695	934.000	929.251
Vínbúðin Dalvegi	2.484.997	2.159.504	2.176.355
Vínbúðin Eiðistorgi	874.017	853.564	828.313
Vínbúðin Hafnarfirði	1.178.700	1.177.675	1.134.310
Vínbúðin Heiðrún	2.216.237	2.234.542	2.185.191
Vínbúðin Kringlunni	1.021.763	1.040.441	1.036.402
Vínbúðin Mosfellsbæ	616.257	579.842	543.384
Vínbúðin Reykjanesbæ	880.515	848.315	800.861
Vínbúðin Selfossi	825.683	823.901	787.104
Vínbúðin Skeifunni	2.178.362	2.108.523	1.858.698
Vínbúðin Skútuvoði	1.534.954	1.552.980	1.482.829
Vínbúðin Smáralind	546.206	611.503	540.787
Vínbúðin Stekkjarbakka	1.004.136	1.043.538	976.729
<b>Samtals</b>	<b>22.844.258</b>	<b>22.398.097</b>	<b>21.352.837</b>
<b>Sala án vsk.</b>	<b>18.202.216</b>	<b>17.846.025</b>	<b>17.014.319</b>

Minni Vínbúðir	2013	2012	2011
Vínbúðin Akranesi	338.504	340.855	338.070
Vínbúðin Blönduósi	101.750	97.557	96.576
Vínbúðin Borgarnesi	383.644	385.016	367.463
Vínbúðin Búðardal	32.937	31.389	29.312
Vínbúðin Dalvík	105.795	112.334	109.261
Vínbúðin Djúpavogi	20.369	19.568	19.152
Vínbúðin Egilsstöðum	309.835	283.384	272.797
Vínbúðin Fáskrúðsfirði	29.067	28.922	26.377
Vínbúðin Flúðum	102.588	86.071	75.035
Vínbúðin Grindavík	96.783	97.242	92.148
Vínbúðin Grundarfirði	48.981	49.628	45.903
Vínbúðin Hellu	105.693	63.619	
Vínbúðin Hólmavík	42.741	40.811	36.492
Vínbúðin Húsavík	178.216	170.203	165.491
Vínbúðin Hvammstanga	53.931	48.042	47.438
Vínbúðin Hveragerði	276.823	271.466	266.375
Vínbúðin Hvolsvelli	139.819	162.774	176.257
Vínbúðin Höfn	149.581	144.156	135.099
Vínbúðin Ísafirði	309.622	307.409	297.954
Vínbúðin Kirkjubæjarklaustri	39.946	39.458	29.961
Vínbúðin Neskaupstað	88.180	84.546	77.258
Vínbúðin Ólafsvík	84.058	78.170	71.239
Vínbúðin Patreksfirði	90.185	91.000	83.130
Vínbúðin Reyðarfirði	191.707	186.337	170.970
Vínbúðin Sauðárkróki	240.574	235.804	235.968
Vínbúðin Seyðisfirði	48.309	39.505	38.794
Vínbúðin Siglufirði	113.168	111.052	105.419
Vínbúðin Stykkishólmi	73.887	79.382	79.593
Vínbúðin Vestmannaeyjum	354.066	353.524	328.964
Vínbúðin Vík	39.829	37.464	33.937
Vínbúðin Vopnafirði	37.029	37.661	33.774
Vínbúðin Þorlákshöfn	52.770	53.837	50.235
Vínbúðin Þórshöfn	55.818	50.776	44.366
Útgarður Stuðlahálsi, Rvk	187.066	179.649	157.108
<b>Samtals</b>	<b>22.844.258</b>	<b>22.398.097</b>	<b>21.352.837</b>
<b>Sala án vsk.</b>	<b>18.202.216</b>	<b>17.846.025</b>	<b>17.014.319</b>

**SALA TÓBAKS**


með virðisaukaskatti

	2013	2012	2011
Vínbúðin Akranesi	63.059	242.995	232.795
Vínbúðin Akureyri	120.410	583.684	563.370
Vínbúðin Blönduósi	25.917	60.319	61.359
Vínbúðin Borgarnesi	38.367	137.263	131.050
Vínbúðin Dalvík	35.059	82.859	81.066
Vínbúðin Egilsstöðum	312.261	287.867	284.250
Útgarður Stuðlahálsi, Reykjavík	9.436.899	7.861.790	7.204.923
Vínbúðin Húsavík	133.839	120.967	123.761
Vínbúðin Höfn	9.790	83.200	83.830
Vínbúðin Ísafirði	189.828	166.417	171.840
Vínbúðin Ólafsvík	48.425	98.282	95.567
Vínbúðin Patreksfirði	37.680	63.436	57.104
Vínbúðin Reykjanesbæ			361.969
Vínbúðin Sauðárkróki	133.619	122.364	131.454
Vínbúðin Selfossi	587.682	692.261	678.438
Vínbúðin Siglufirði	61.833	57.976	58.883
Vínbúðin Stykkishólmi		36.166	39.206
Vínbúðin Vestmannaeyjum	227.304	213.219	203.113
<b>Samtals</b>	<b>11.462.333</b>	<b>10.911.064</b>	<b>10.563.978</b>
<b>Sala án vsk.</b>	<b>9.133.339</b>	<b>8.694.275</b>	<b>8.418.009</b>

**SELT MAGN TÓBAKS**

	2013	2012	2011
Vindlingar (karton)	1.085.457	1.235.968	1.272.757
Vindlar (stk.)	6.602.368	7.352.414	7.743.554
Reyktóbak (kg)	12.382	11.731	10.472
Nef- og munntóbak (kg)	27.616	28.763	30.231

**SKIPTING TÓBAKSSÖLU | HEILDARVELTA 9,1 MA.KR.**







**SALA ÁFENGIS Í LÍTRUM TALID**

	2013	2012	2011
Rauðvín	1.812.451	1.781.175	1.772.608
Hvítvín	1.157.644	1.170.037	1.143.847
Rósavín	55.918	64.732	64.713
Freyðivín	106.064	100.035	99.917
Styrkt vín	34.940	37.189	39.139
Ávaxtavín	310.601	181.515	110.637
Brandí	39.793	41.975	43.112
Ávaxtabrandí	672	723	818
Viskí	78.572	80.687	78.269
Romm	42.919	45.041	49.418
Tequila og Mezcal	2.504	2.725	2.930
Ókryddað brennivín og vodka	219.128	231.703	243.177
Gin & sénever	58.391	59.863	61.340
Snafs	33.013	34.509	37.757
Líkjör	51.509	53.600	55.637
Bitterar, kryddvín, aperítifar	43.509	44.418	47.964
Blandaðir drykkir	127.733	141.177	156.750
Lagerbjór	14.093.052	14.233.556	14.270.045
Öl	281.116	164.917	125.507
Aðrar bjórtegundir	103.483	67.681	34.504
<b>Samtals</b>	<b>18.653.012</b>	<b>18.537.255</b>	<b>18.438.088</b>

**SALA LÉTTVÍNS EFTIR STÆRÐ UMBÚÐA**



● Minni en 800 ml – 49,72%  
 ● Stærri en 800 ml – 50,28%



● Minni en 800 ml – 51,4%  
 ● Stærri en 800 ml – 48,6%

**TÍU SÖLUHÆSTU TEGUNDIR EFTIR HELSTU VÖRUFLOKKUM**

HVÍTVÍN 3000 ml kassavín	Land	Lítrar
Moselland Riesling Kabinett	Þýskaland	67.623
Drostdy-Hof Steen Chenin Blanc	Suður-Afríka	56.961
Two Oceans Fresh & Fruity	Suður-Afríka	49.725
Dr. Zenzen Liebfraumilch	Þýskaland	47.604
Trivento Mixtus Chardonnay Chenin	Argentína	40.887
Concha y Toro Frontera Chardonnay	Chile	28.464
Two Oceans Sauvignon Blanc	Suður-Afríka	22.827
Inycon Chardonnay Pinot Grigio	Ítalía	21.516
Castillo de Gredos hvítt	Spánn	19.947
Van Gogh Riesling	Þýskaland	19.281
<b>Samtals 10 söluhæstu</b>		<b>374.835</b>
<b>Heildarsala hvítvins</b>		<b>1.157.644</b>
<b>Hlutfall</b>		<b>32%</b>

HVÍTVÍN 750-1500 ml flöskur/fernur	Land	MI	Lítrar
Barefoot Pinot Grigio	Bandaríkin	750	50.760
Van Gogh Riesling	Þýskaland	750	28.391
Moselland Ars Vitis Riesling	Þýskaland	750	25.847
Don Simon Chardonnay Airen	Spánn	1.000	18.416
Rosemount GTR	Ástralía	750	18.108
El Coto Rioja Hvítt	Spánn	750	18.070
Frontera Chardonnay	Chile	750	15.986
Montes Chardonnay Reserve	Chile	750	15.505
Vina Maipo Sauvignon Blanc Chardonnay	Chile	750	14.648
Villa Lucia Pinot Grigio	Ítalía	750	12.797
<b>Samtals 10 söluhæstu</b>			<b>218.528</b>
<b>Heildarsala hvítvins</b>			<b>1.157.644</b>
<b>Hlutfall</b>			<b>19%</b>

RAUÐVÍN 3000 ml kassavín	Land	Lítrar
Gato Negro Cabernet Sauvignon	Chile	75.927
Concha y Toro Frontera Cabernet Sauvignon	Chile	69.858
Drostdy-Hof Cape Red	Suður-Afríka	67.173
Don Simon Seleccion Tempranillo	Ítalía	43.113
Reserva Concha y Toro Carmenere Cabernet Sauvignon	Chile	42.732
Trivento Mixtus Shiraz Malbec	Argentína	40.407
Piccanti Rosso Toscana	Chile	40.332
Drostdy-Hof Shiraz Pinotage	Suður-Afríka	38.634
Mamma Piccini Rosso di Toscana	Ítalía	33.846
Mixtus ab Origine Cabernet Merlot	Argentína	28.518
<b>Samtals 10 söluhæstu</b>		<b>480.540</b>
<b>Heildarsala rauðvins</b>		<b>1.812.451</b>
<b>Hlutfall</b>		<b>27%</b>


## TÍU SÖLUHÆSTU TEGUNDIR EFTIR HELSTU VÖRUFLOKKUM

RAUÐVÍN 750–1500 ml flöskur/fernur	Land	MI	Lítrar
Mamma Piccini Rosso di Toscana	Ítalía	750	29.480
Piccini Rosso Toscana	Ítalía	1500	27.380
Tommasi Appassimento Graticcio	Ítalía	750	22.967
Montecillo Crianza	Spánn	750	18.260
Gato Negro Cabernet Sauvignon	Chile	750	18.249
Don Simon Cabernet Sauvignon	Spánn	1000	16.794
Don Simon Merlot	Spánn	1000	16.662
Carlo Rossi California Red	USA	1500	12.339
El Coto Crianza	Spánn	750	11.977
Frontera Cabernet Sauvignon	Chile	1500	11.774
<b>Samtals 10 söluhæstu</b>			<b>185.882</b>
<b>Heildarsala rauðvíns</b>			<b>1.812.451</b>
<b>Hlutfall</b>			<b>10%</b>

LAGERBJÓR	Land	MI	Lítrar
Víking Gylltur	Ísland	500	1.629.909
Víking Lager	Ísland	500	848.851
Egils Gull	Ísland	500	608.381
Thule	Ísland	500	564.868
Víking Lite	Ísland	500	564.742
Tuborg Gold	Ísland	500	463.042
Tuborg Green	Ísland	500	462.524
Víking Gylltur	Ísland	330	411.555
Hollandia	Holland	500	339.298
Víking sterkur	Ísland	500	328.274
<b>Samtals 10 söluhæstu</b>			<b>6.221.444</b>
<b>Heildarsala lagerbjórs</b>			<b>14.093.052</b>
<b>Hlutfall</b>			<b>44%</b>


STERK VÍN 500–1000 ml flöskur	Land	MI	Lítrar
Smirnoff	Stóra Bretland	500	26.752
Tinda vodka	Ísland	1000	18.900
Smirnoff	Stóra Bretland	1000	18.239
Koskenkorva	Finnland	500	17.613
Finlandia	Finnland	500	13.901
Finlandia	Finnland	1000	12.850
Tinda vodka	Ísland	500	12.292
Smirnoff	Stóra Bretland	700	11.490
Koskenkorva	Finnland	350	10.153
Eldurís	Ísland	500	9.429
<b>Samtals 10 söluhæstu</b>			<b>151.619</b>
<b>Heildarsala sterkra vína</b>			<b>716.974</b>
<b>Hlutfall</b>			<b>21%</b>

## ÁLAGNING ÁFENGIS




